UMFÍ






# ÁRSSKÝRSLA 2020

## 43. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ / ÁRSREIKNINGUR 2019













# EFNISYFIRLIT


ÁVARP FORMANNS 5

STJÓRN UMFÍ 2019-2021 7

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ 8

SAMBANDSAÐILAR UMFÍ 10

COVID-19 RASKAR STARFINU 13

UMFÍ EFLIR ÞÁTTTÖKU Í ÍÞRÓTTUM OG HREYFINGU 17
- MÓTAHALD SUMARIÐ 2020 17
- 23. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ 19
- 10. LANDSMÓT UMFÍ 50+ 20
- ÍÞRÓTTAVEISLAN 23

UMFÍ ER LEIÐANDI Í FRÆÐSLU OG FORVÖRNUM 25
- UNGMENNABÚÐIR UMFÍ 25
- UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 28
- HREYFIVIKA UMFÍ 33
- ÁNÆGJUVOGIN 2020 34
- ALLIR MEÐ 37
- FORVARNADAGURINN 38
- VERTU MEÐ 39
- SÝNUM KARAKTER 39
- SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR 39
- UMHEIMURINN HORFIR TIL ÍSLANDS 39

GETSPÁ OG GETRAUNIR, MIKILVÆGUR FJÁRHAGSLEGUR BAKHJARL HREYFINGARINNAR 40

UMFÍ STYRKIR GRASRÓTARSTARF 42
- LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA 42
- SJÓÐIR 44

UMFÍ SINNIR ÚTBREIÐSLU- OG KYNNINGARSTARFI 47

UMFÍ ER UMHUGAÐ UM NÁTTÚRU OG UMHVERFI 48

UMFÍ ER NÚTÍMALEG OG LEIÐANDI SAMTÖK 50

UMFÍ BYGGIR Á TRAUSTUM STJÓRNARHÁTTUM 53
- SAMBANDSÞING UMFÍ 53
- STERKARI SAMAN SAMFÉLAGINU TIL GÓÐA 57

UMFÍ ER ÖFLUGUR SAMSTARFSAÐILI 58
- MANNRÉTTINDI BARNA Á ÍSLANDI 58
- ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS 58
- RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS 58
- MEÐBYR 59
- ALMANNAHEILL 59
- ERLEND SAMSKIPTI 60

UMFÍ BYGGIR Á SJÁLFBOÐALIÐASTARFI 63
- VIÐURKENNINGAR 63
- VERÐLAUN 71
- NEFNDIR UMFÍ 2019-2021 74

LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI 76

LÖG UMFÍ 77

ÁRSREIKNINGUR UMFÍ 2019 80
- ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA 81
- SKÝRSLA STJÓRNAR 83
- REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2019 84
- YFIRLIT UM REKSTUR 2019 85
- EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019 86
- YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2019 88
- SKÝRINGAR 89


JAKO







# ÁVARP FORMANNS

Ágætu ungmennafélagar,

Undangengið ár hefur verið með eindæmum sérstakt og óvenjulegt. Árið byrjaði þó mjög hefðbundið og allt stefndi í að árið 2020 yrði mjög viðburðaríkt, þrjú landsmót færu fram og fleiri viðburðir auk ársþinga og aðalfunda eins og venja er. En fljótlega í febrúar kom Covid 19-veiran og umbylti verulega starfsemi í þjóðfélaginu og hafði um leið mikil áhrif á starf innan hreyfingar okkar. Margir viðburðir voru felldir niður eða þeim frestað til lengri eða skemmri tíma.

Óhætt er að segja að langflestir í hreyfingunni hafi hlítt þeim takmörkunum sem yfirvöld hafa sett á og reynt að vinna sig út úr aðstæðum eins og þær hafa birst hverju sinni. En Covid hefur einnig valdið okkur og félögum okkar miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Styrktaraðilar hafa verið varfærnari en áður, mörg fyrirtæki hafa hreinlega orðið að loka fyrir styrkveitingar vegna aðstæðna og enn önnur hafa farið í þrot. Hér er þó rétt að þakka öllum þeim aðilum sem hafa stutt og eru að styðja við og styrkja þau félög sem standa fyrir viðburðum. Það sem ég vil hvetja til og tel allra mest áríðandi nú í byrjun vetrar er að standa vörð um allt barna- og unglingastarf sem fer fram á vegum félaganna. Hætta á brottfalli getur aukist með erfiðleikum á vinnumarkaði og hefur óhjákvæmilega áhrif á afkomu fjölmargra fjölskyldna. Það verður sameiginlegt verkefni okkar allra að reyna að koma í veg fyrir að brottfall aukist.

Annað verkefni, sem við skulum leggja okkur fram við, er að virkja sem flesta einstaklinga af erlendum uppruna til þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi en mjög jákvætt er talið fyrir nýbúa að taka þátt í slíku starfi til að aðlagast betur samfélaginu. Þetta er ekki síður jákvætt fyrir hið íslenska samfélag okkar en nýbúasamfélögin. Þriðja verkefnið er að hvetja sem flesta til að stunda hreyfingu reglulega og stuðla þannig að bættri lýðheilsu og bættri geðheilsu um leið en UMFÍ er málsvari þess að allir geti verið með. Við höfum fundið fyrir velvilja yfirvalda til að aðstoða íþrótta- og æskulýðshreyfinguna fjárhagslega vegna afleiðinga veirunnar og trú mín er að svo verði áfram. Við skulum vera tilbúin að vinna með yfirvöldum í þeim málum. Það er okkur nauðsyn og mikilvægt hreyfingunni.








Það er ljóst að Covid-19 mun hafa hamlandi áhrif á allt íþrótta- og æskulýðsstarf út árið og eitthvað fram á næsta ár en það er ekki annað í boði fyrir okkur en að vera bjartsýn og takast á við þau verkefni sem birtast okkur hverju sinni. Öllum mótum þessa árs var frestað en við vinnum ótrauð að því að halda þau á næsta ári, á sömu stöðum og áætlað var og með enn meiri þátttöku og gleði. Mótsnefndir landsmótanna þriggja tóku ábyrga og yfirvegaða ákvörðun um frestun mótanna og vil ég færa nefndarfólki þakkir fyrir.

Ég vil hér í lokin hvetja til samstöðu og samvinnu í þeim sérstöku aðstæðum sem nú eru. Afleiðingar faraldursins munu greinast víða og áhrifin verða víðtæk.

Við getum þetta saman því við erum samstilltari og sterkari en nokkru sinni fyrr. Ég þakka það því sögulega tímamótaskrefi sem stigið var á sambandsþingi UMFÍ í fyrra þegar þrjú geysistór og öflug íþróttabandalög gengu til liðs við UMFÍ. Við inngönguna stækkaði UMFÍ, landssambandið varð margfalt öflugra og fékk sterkari rödd. En það sem mestu skiptir er að við erum sterkari saman og getum tekist betur á við það sem að steðjar. Við gerum það saman – og við getum það saman – samfélaginu til góða!

Stöndum saman nú sem fyrr – með ungmennafélagskveðju,

Haukur F. Valtýsson, formaður UMFÍ.

UMFÍ er málsvari þess að allir geti tekið þátt á sínum forsendum. UMFÍ leggur áherslu á gleðina sem felst í samveru, breiðri þátttöku og trúir á gildi þess að láta gott af sér leiða, bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

# STJÓRN UMFÍ 2019-2021



Haukur Valtýsson
formaður



Ragnheiður Högnadóttir
varaformaður



Sigurður Óskar Jónsson
ritari



Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri



Gunnar Gunnarsson
meðstjórnandi



Gunnar Þór Gestsson
meðstjórnandi



Jóhann Steinar Ingimundarson
meðstjórnandi



Hallbera Eiríksdóttir
varastjórn



Lárus B. Lárusson
varastjórn



Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
varastjórn



Gissur Jónsson
varastjórn

# ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð UMFÍ er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og sambandsaðilum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þar er einnig aðstaða til fundarhalda sem er nýtt til stjórnarfunda, nefndarstarfa og fleiri viðburða á vegum UMFÍ og leigjenda í þjónustumiðstöð UMFÍ. Sambandsaðilar UMFÍ og sérsambönd hafa líka fengið afnot af fundarherbergjum.

## STARFSFÓLK ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, ritstjóri og kynningarfulltrúi UMFÍ, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi (fram að síðsumri 2020), Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ, og Guðbirna K. Þórðardóttir ritari.

UMFÍ hefur útvistað ákveðnum hluta starfseminnar til eftirfarandi aðila. Sóló bókhaldsþjónusta sér um allt bókhald UMFÍ. Þar starfa Iðunn Bragadóttir. G. Íris Pálsdóttir og Laufey Aðalsteinsdóttir. Certus tölvuþjónusta, Björgvin Jónsson. Grafík og hönnun, Jónas Þorbergsson.

## UMFÍ Á SAUÐÁRKRÓKI

UMFÍ rekur jafnframt þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri móta UMFÍ. Hann hefur jafnframt aðstöðu í þjónustumiðstöðinni í Sigtúni þegar hann sinnir vinnu á höfuðborgarsvæðinu.

## UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

Í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni starfa Anna Margrét Tómasdóttir forstöðumaður og frístundaleiðbeinendurnir Jörgen Nilsson, Þorsteinn Hauksson, Freydís Halla Friðriksdóttir, Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir og Veronika Tumova.

## AÐSTAÐA LEIGÐ Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

UMFÍ leigir aðstöðu í þjónustumiðstöðinni og eru mikil samlegðaráhrif þar á milli. Eftirfarandi fyrirtæki, félagasamtök og starfsmenn eru með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ:

Æskulýðsvettvangurinn. UMFÍ er aðili að vettvanginum og flyst aðstaða hans á milli aðildarfélaga á nokkurra ára fresti. Framkvæmdastýra ÆV er Sema Erla Serdar. aev.is

Sóló, bókhalds- og fjármálaþjónusta hefur leigt skrifstofuaðstöðu frá hausti 2019. Fyrirtækið sér m.a. um bókhald UMFÍ og þjónustar sambandsaðila UMFÍ.

KVAN er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að styðja ungt fólk og fullorðna til að virkja það sem í þeim býr. Eigendur og stjórnendur KVAN eru Jón Halldórsson framkvæmdastjóri, Anna Steinsen, Jakob Frímann Þorsteinsson og Vanda Sigurgeirsdóttir. kvan.is

Falcor. Kvikmyndaupptaka og framleiðsla fyrir fyrirtæki og félagasamtök innan sem utan landsteinanna. Gunnar Örn Heimisson er framkvæmdastjóri Falcor. falcor.is

Landssamband eldri borgara. Þórunn Sveinbjörnsdóttir er formaður samtakanna og Viðar Eggertsson er skrifstofustjóri. leb.is

Fræðsla og forvarnir er upplýsingamiðstöð í forvörnum og heilsueflingu. Árni Einarsson er framkvæmdastjóri. forvarnir.is

ÍMARK Samtök íslensks markaðsfólks. Þóra Hrund Guðbrandsdóttir er framkvæmdastjóri ÍMARK. imark.is


OSPREY


UMFÍ

# SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

**HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR** HSB
Stofnað 1982 (15. desember)
Formaður Jónas L. Sigursteinsson
Félagar 403 2020 402 2019
Iðkendur 281 2020 284 2019

**HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU** HSH
Stofnað 1922 (24. september)
Formaður Hjörleifur K. Hjörleifsson
Frkvstj. Daði Jörgensson
Félagar 3.393 2020 3.605 2019
Iðkendur 1.662 2020 1.687 2019

**HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA** HSS
Stofnað 1944 (19. nóvember)
Formaður Hrafnhildur Skúladóttir
Frkvstj. Harpa Óskarsdóttir
Félagar 727 2020 747 2019
Iðkendur 251 2020 231 2019

**HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA** HSV
Stofnað 2000 (30. apríl)
Formaður Ásgerður Þorleifsdóttir
Frkvstj. Bjarki Stefánsson
Félagar 3.697 2020 4.363 2019
Iðkendur 2.115 2020 2.725 2019

**HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA** HSÞ
Stofnað 1914 (31. október)
Formaður Jónas Egilsson
Frkvstj. Gunnhildur Hinriksdóttir
Félagar 2.905 2020 3.655 2019
Iðkendur 2.235 2020 2.111 2019

**HÉRAÐSSAMBANDIÐ HRAFNAFLÓKI** HHF
Stofnað 1971 (febrúar)
Formaður Margrét Brynjólfsdóttir
Frkvstj. Páll Vilhjálmsson
Félagar 595 2020 746 2019
Iðkendur 231 2020 360 2019

**HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN** HSK
Stofnað 1910 (14. maí)
Formaður Guðríður Aadnegard
Frkvstj. Engilbert Olgeirsson
Félagar 18.261 2020 20.517 2019
Iðkendur 14.621 2020 12.770 2019

**ÍÞRÓTTABANDALAG AKRANESS** ÍA
Stofnað 1946 (3. febrúar)
Formaður Marella Steinsdóttir
Frkvstj. Guðmunda Ólafsdóttir
Félagar 4.549 2020 4.209 2019
Iðkendur 4.411 2020 3.702 2019

**ÍÞRÓTTABANDALAG AKUREYRAR** ÍBA
Stofnað 1944 (20. desember)
Formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson
Frkvstj. Helgi Rúnar Bragason
Félagar 17.109 2020 18.430 2019
Iðkendur 8.797 2020 8.380 2019

**ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR** ÍBR
Stofnað 1944 (31. ágúst)
Formaður Ingvar Sverrisson
Frkvstj. Frímann Ari Ferdinandsson
Félagar 96.896 2020 128.058 2019
Iðkendur 47.466 2020 49.174 2019

**UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND AUSTURLANDS** UÍA
Stofnað 1941 (28. júní)
Formaður Gunnar Gunnarsson
Frkvstj. Gunnar Gunnarsson
Félagar 5.866 2020 6.541 2019
Iðkendur 4.507 2020 4.141 2019

**UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND FJALLABYGGÐAR** UÍF
Stofnað 2009 (25. maí)
Formaður Jónína Björnsdóttir
Félagar 2.124 2020 1.846 2019
Iðkendur 1.217 2020 935 2019

**UNGMENNASAMBAND AUSTUR HÚNVETNINGA** USAH
Stofnað 1912 (30. mars)
Formaður Rúnar Aðalbjörn Pétursson
Félagar 1.510 2020 1.326 2019
Iðkendur 888 2020 639 2019

**UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR** UMSB
Stofnað 1912 (26. apríl)
Samb.stj. Bragi Þór Svavarsson
Frkvstj. Sigurður Guðmundsson
Félagar 3.537 2020 3.684 2019
Iðkendur 1.922 2020 1.907 2019

## UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG N-BREIÐFIRÐINGA UDN

Stofnað 1918 (24. maí)
Formaður Heiðrún Sandra Grettisdóttir
Frkvstj. Jón Egill Jónsson
Félagar 860 2020 851 2019
Iðkendur 399 2020 383 2019

## UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR UMSE

Stofnað 1922 (8. apríl)
Formaður Sigurður Eiríksson
Frkvstj. Þorsteinn Marinósson
Félagar 2.414 2020 2.434 2019
Iðkendur 1.450 2020 1.180 2019

## UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS UMSK

Stofnað 1922 (19. nóvember)
Formaður Valdimar Leó Friðriksson
Frkvstj. Valdimar Smári Gunnarsson
Félagar 82.585 2020 95.179 2019
Iðkendur 34.622 2020 33.399 2019

## UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR UMSS

Stofnað 1910 (17. apríl)
Formaður Ingibjörg Klara Helgadóttir
Frkvstj. Thelma Knútsdóttir
Félagar 4.177 2020 4.607 2019
Iðkendur 2.695 2020 2.437 2019

## UNGMENNASAMBAND VESTUR-HÚNVETNINGA USVH

Stofnað 1931 (28. júní)
Formaður Guðrún Helga Magnúsdóttir
Frkvstj. Anton Scheel Birgisson
Félagar 811 2020 812 2019
Iðkendur 648 2020 656 2019

## UNGMENNASAMBAND VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU USVS

Stofnað 1970 (21. júní)
Formaður Fanney Ásgeirsdóttir
Frkvstj. Erla Þórey Ólafsdóttir
Félagar 949 2020 895 2019
Iðkendur 503 2020 443 2019

## UNGMENNASAMBANDIÐ ÚLFLJÓTUR USÚ

Stofnað 1932 (28. maí)
Formaður Jóhanna Íris Ingólfsdóttir
Félagar 1.764 2020 1.924 2019
Iðkendur 1.500 2020 1.541 2019

# FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD

## KEFLAVÍK ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAG Keflavík

Stofnað 1929 (29. september)
Formaður & frkvstj. Einar Haraldsson
Félagar 11.277 2020 11.222 2019
Iðkendur 3.055 2020 2.648 2019

## UNGMENNAFÉLAG GRINDAVÍKUR UMFG

Stofnað 1935 (3. febrúar)
Formaður Bjarni Már Svavarsson
Frkvstj. Jón Júlíus Karlsson
Félagar 940 2020 1.645 2019
Iðkendur 1.062 2020 1.044 2019

## UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR UMFN

Stofnað 1944 (10. apríl)
Formaður Ólafur Eyjólfsson
Frkvstj. Jenný L. Lárusdóttir
Félagar 4.518 2020 5.235 2019
Iðkendur 1.447 2020 1.035 2019

## UNGMENNAFÉLAGIÐ ÓÐINN UMFÓ

Stofnað 1989 (6. mars)
Formaður Örvar Guðni Arnarsson

## UNGMENNAFÉLAGIÐ VESTURHLÍÐ V

Stofnað 1987 (27. maí)
Formaður Einar Kristján Jónsson
Félagar 50 2020 50 2019

## UNGMENNAFÉLAGIÐ VÍKVERJI UV

Stofnað 1964 (9. október)
Formaður Árni Unnsteinsson

## UNGMENNAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR UMFÞ

Stofnað 1932 (23. október)
Formaður Petra Ruth Rúnarsdóttir
Frkvstj. Marteinn Ægisson
Félagar 823 2020 783 2019
Iðkendur 284 2020 255 2019

Tölurnar eru fengnar úr Felix félagaskráningakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

# 7 VIKUR

## EKKERT ÍÞRÓTTASTARF
## 20. MARS TIL 4. MAÍ

# COVID-19 RASKAR STARFINU

Árið 2020 byrjaði ekki vel. Heimsfaraldur kórónaveirunnar breiddist hratt út um heimsbyggðina rétt eftir áramótin. Hún hafði gífurleg áhrif um allan heim og raskaði lífi margra. Faraldurinn litaði alla starfsemi UMFÍ árið 2020. Stærstu viðburðum UMFÍ var sumum frestað lengra inn í árið en öðrum alveg um ár.

## 2019

31. desember: Stjórnvöld í Kína segja Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) frá óvenjulegum öndunarfærasýkingum í Wuhan.

## 2020

21. janúar: Fyrsta tilfelli kórónaveirunnar greinist í Bandaríkjunum.

14. febrúar: Fréttabréf UMFÍ

26. febrúar: COVID-19 greinist í Noregi.

6. mars: Fyrsta smit staðfest á Íslandi. Neyðarstigi lýst yfir.

11. mars: WHO skilgreinir útbreiðslu COVID-19 sem heimsfaraldur.

UMFÍ ræðir við yfirvöld vegna aðgerða til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar. Sótthreinsandi spritt og sértæk þrif tiltæk hjá UMFÍ og sambandsaðilum um allt land. Fólk hvatt til að forðast snertingu.

12. mars: UMSB heldur ársþing í Logalandi. Eftir það er öllum þingum frestað um óákveðinn tíma.

13. mars: Tilkynnt um samkomubann frá 15. mars. Bannið takmarkar starf íþróttafélaga. Reglulegir stöðufundir sérsambanda ÍSÍ og UMFÍ með mennta- og menningarmálaráðherra.

13. mars: Fréttabréf UMFÍ sendir fréttabréf um áhrif samkomubanns.

14. mars: Fréttabréf UMFÍ. Beðið er svara frá sóttvarnalækni.

15. mars: Samkomubann tekur gildi. Líkur taldar á að íþróttastarf fyrir leik- og grunnskólabörn íþrótta- og ungmennafélaga geti hafist á ný mánudaginn 23. mars. Íþróttaiðkun framhaldsskólanema og fullorðinna er talin heimil að uppfylltum ströngum skilyrðum, s.s. að ekki séu fleiri en 100 einstaklingar inni í sama rými, hvort heldur er innan- eða utandyra.

15. mars: Fréttabréf UMFÍ: Fjallað um undirbúning íþróttastarfs.

16. mars: Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, sem átti að halda dagana 1.–3. apríl á Laugarvatni, er færð til 16.–18. september.

16. mars: Fréttabréf UMFÍ: Frestir til að skila starfsskýrslum.

17. mars: Frestur til að skila inn starfsskýrslum í Felix lengdur til 1. júní.

18. mars: Leikmenn félaga hvetja aðra til að æfa sig og senda inn vídeó af heimaæfingum. Leikmenn meistaraflokks Breiðabliks í knattspyrnu hvetja fólk til að fara í Blikatreyju og deila æfingum á Facebook og Instagram á breidablik_fotbolti #heimabliki. Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) birtir hvatningarvídeó frá iðkendum deilda og sjúkraþjálfurum.

19. mars: Fréttabréf UMFÍ: Unnið að viðmiðum fyrir íþróttastarf.

20. mars: Allt íþróttastarf fellur niður. Alþingi samþykkir frumvarp félags- og barnamálaráðherra um rétt til greiðslu hlutagreiðslna vegna minnkaðs starfshlutfalls. Starfsmenn og verktakar íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka fá rétt til hlutagreiðslna samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar. Fjöldi starfsmanna íþrótta- og ungmennafélaga skráir sig á hlutagreiðslur vegna niðurfellingar á samkomubanni. Sem dæmi fóru um 25% starfsfólks Ungmennafélags Selfoss á slíkar greiðslur. Algengasta skerðing er niður í 25% starfsfólkshlutfall.

20. mars: Fréttabréf UMFÍ: Allt íþróttastarf fellur niður.

21. mars: Mennta- og menningarmálaráðherra bætir 750 milljónum króna við fjárveitingar 2020 í menningarverkefni og stuðning við íþróttastarf. Til viðbótar er 400 milljónum bætt við sem verja á í rannsóknartengd verkefni. „Mikilvægt að þessir fjármunir komist í umferð sem allra fyrst, svo að afkoma fólks

UMFÍ er framsækin hreyfing, sýnir frumkvæði og vinnur að markmiðum sínum á faglegan hátt. Gildi UMFÍ endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.

og félaga, sem starfa á þessum sviðum, verði betur tryggð," segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

22. mars: Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns í stað 100.

23. mars: Fréttabréf UMFÍ: Aðgerðir í þágu íþróttastarfs.

25. mars: Stjórnvöld eyrnamerkja 750 milljónir króna sérstöku tímabundnu fjárfestingarátaki til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu. Þar á meðal er íþróttastarf. Vinnuhópur íþróttahreyfingarinnar settur á laggirnar.

27. mars: Fréttabréf UMFÍ: UMFÍ fær vísbendingar um að íþróttafólk í félögum sé að stunda íþróttaæfingar úti þrátt fyrir strangt samkomubann. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, segir í samtali við fjölmiðla það ekki til fyrirmyndar.

30. mars: Alþingi samþykkir sérstakt tímabundið fjárfestingarátak upp á einn milljarð króna, m.a. til íþróttastarfs.

„Íþróttahreyfingin er í erfiðri stöðu eins og fjölmargir aðrir við þessar aðstæður og mikilvægt að verja starfið þar og störfin innan hennar. Mikilvægt er núna að íþróttahreyfingin vinni með þau úrræði sem þegar standa til boða og svo metum við hvaða viðbótarstuðning þarf til," segir Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis.

3. apríl: Fréttabréf UMFÍ: ÍSÍ og UMFÍ leita ráðgjafar vegna fyrirspurna um endurgreiðslu æfingagjalda. Samkomubann framlengt til 4. maí 2020.

6. apríl: Samkomubann veldur því að loka þarf Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni til 4. maí.

12. apríl: Fréttabréf UMFÍ: Tilmæli varðandi fyrirspurnir um endurgreiðslu æfingagjalda.

21. apríl: Fréttabréf UMFÍ: Víðtækari aflétting en búist var við.

21. apríl: Aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar kynntur: Viðbótarframlag vegna tómstundastarfs barna allt að 50 þúsund krónum á barn, samtals 600 milljónir króna, til fjölskyldna með tekjur og bætur undir 740 þúsund krónum á mánuði. Talið að aðgerðin nái til 8-12 þúsund barna.

28. apríl: Ákveðið að fresta Landsmóti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislu UMFÍ. „Þetta er auðvitað leiðinlegt því mikill fjöldi fólks hefur beðið með óþreyju eftir því að taka þátt í mótunum með fjölskyldum, vinum og vinnufélögum. Á Landsmóti UMFÍ 50+ hefur líka myndast skemmtileg stemning þar sem gamlir keppinautar hittast á ný undir öðrum formerkjum en áður. Við hjá UMFÍ höfum fylgst náið með þróun mála vegna áhrifa af COVID-19 vegna mótahalds sumarsins og verið í miklu og góðu sambandi við Almannavarnir og heilbrigðisyfirvöld vegna faraldursins. En í ljósi aðstæðna var ákveðið að fresta mótunum, sagði Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

2. maí: Eysteinn Pétur Lárusson frá Breiðabliki, Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, og Pálmar Ragnarsson fyrirlesari og þjálfari hjá Val, ræða íþróttastarfið á fundi Almannavarna.

4. maí: Takmarkanir á fjölda barna og ungmenna í íþróttastarfi falla niður.

19. maí: ÍSÍ greiðir tæpar 300 milljónir króna til íþrótta- og ungmennafélaga. Um er að ræða framlag ríkisins til íþróttahreyfingarinnar vegna neikvæðra áhrifa af völdum COVID-19. Úthlutunin byggði á tillögum vinnuhóps sem UMFÍ vann með. 214 íþrótta- og ungmennafélög fá greiðslu í aðgerðinni.

22. maí: Fjöldatakmarkanir víkkaðar úr 50 manns í 200.

27. maí: Stjórnendur íþróttafélaga geta sótt um sértæka styrki vegna fjárhagslegs tjóns af völdum kórónaveirunnar.

9. júlí: Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi frestað um ár.

10. júlí: Tilkynnt að þátttökugjöld vegna Unglingalandsmóts UMFÍ verði endurgreidd.

20. júlí: Vegna fordæmalausra aðstæðna fer starfsfólk UMFÍ í frí fram yfir verslunarmannahelgi.

31. júlí: Skylt að hafa 2 metra á milli einstaklinga og 100 manna hámark. Hlé gert á æfingum og keppnum með snertingu.

12. ágúst: Snertingar heimilaðar í íþróttum. Áfram miðað við 100 manna fjöldatakmörk.

17. ágúst: Tilkynnt að ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verði haldin 16.-18. september á Laugarvatni.

20. ágúst: Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, saman í vinnuhópi á samráðsfundinum Að lifa með veirunni. Heilbrigðisráðherra, í samvinnu við forsætis- og dómsmálaráðuneytið, efndi til fundarins.

25. ágúst: Allar íþróttir almennt leyfðar.

27. ágúst: UÍA heldur sambandsþing í fyrsta sinn á Teams.

2. september: Ákveðið að færa ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur og halda hana í einn dag.

3. september: ÍSÍ tilkynnir um greiðslu rúmra 150 milljóna króna til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum viðburða sem fóru ekki fram. Með því lýkur greiðslu 450 milljóna króna stuðnings hins opinbera við hreyfinguna.

4. september: Stjórn UMFÍ hvetur ríki og sveitarfélög til að styðja við skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf. Stjórnin lýsir yfir áhyggjum af erfiðum rekstrarskilyrðum sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra.

7. september: 1 metra nándarmörk í stað 2 áður. 200 manns leyft að koma saman í stað 100.

10. september: Borgarráð samþykkir tillögu borgarstjóra um að veita íþrótta- og æskulýðsfélögum í Reykjavík sérstakan stuðning upp á 135 milljónir króna vegna tekjutaps af völdum COVID-19.

14. september: Smitum fjölgar, fleiri fara í sóttkví.

17. september: Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fer fram í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu í Reykjavík. Ráðstefnan stendur aðeins í einn dag.

17. september: HSK heldur þing sem hafði verið frestað frá vori.

26. september: Almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins segir að í skugga þess að 389 smit hafi greinst (87% þeirra á höfuðborgarsvæðinu) þá hafi verið ákveðið að banna áhorfendur á leikjum og íþróttaæfingum barna á höfuðborgarsvæðinu. Foreldrar og forráðamenn fái ekki að vera viðstaddir æfingar og frístundastarf barna.

28. september: Íþróttir leyfðar svo lengi sem sérsambönd hafa sett sér reglur. Hámarksfjöldi áhorfenda 200 í rými.

4. október: Aðgerðir hertar vegna COVID 19 taka gildi. Áhorfendur ekki leyfðir á íþróttaleikjum, eins metra nándartakmörkun í búningsklefum og fleiri kvaðir.

5. október: Aðgerðir hertar vegna COVID 19 taka gildi. Áhorfendur ekki leyfðir á íþróttaleikjum, eins metra nándartakmörkun í búningsklefum og 100 manns leyfðir á leikjum utandyra.

7. október: Heilbrigðisráðherra felst á enn harðar samkomutakmarkanir á höfuðborgarsvæðinu. Íþróttir og líkamsrækt innandyra óheimilar, íþróttir utandyra leyfðar en aðeins 20 einstaklingar í hverju rými og sundlaugar loka.

8. október: Almannavarnir og sóttvarnalæknir mælast til þess að íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu geri hlé á æfingum og keppni í öllum íþróttum og að íþróttafélög fresti keppnisferðum út á land frá 8. – 19. október. Það sama á við um íþróttir barna, ungmenna og fullorðinna.





FUNTEC

SPIRALL
BÍLALEIGA







# UMFÍ EFLIR ÞÁTTTÖKU Í ÍÞRÓTTUM OG HREYFINGU

Á vegum sambandsaðila UMFÍ fer fram mjög fjölbreytt starfsemi um allt land.

## MÓTAHALD SUMARIÐ 2020

Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2020. Landsmót UMFÍ 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku seinna og síðan Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina.

Undirbúningur allra mótanna var samkvæmt áætlun þótt segja megi að fjármögnun þeirra hafi litast af ástandinu í landinu og Covid-19. Undirbúningsnefndir allra mótanna voru vel meðvitaðar um Covid-19 og þær afleiðingar sem mótahald gæti haft. Því voru teknar vel ígrundaðar og ábyrgar ákvarðanir um mótahaldið.

Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fresta Landsmóti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislunni. Það var þá ljóst að engin leið yrði að halda mótin og tryggja öryggi þeirra sem þau myndu sækja.

Þessum mótum var frestað um eitt ár og mótsstaðirnir verða þeir sömu.

Ákveðið var að bíða með ákvörðun um Unglingalandsmótið en vonir stóðu til að ástandið mundi batna og samkomur sem þessar gætu farið fram.

Hins vegar, þegar seinni bylgja Covid-19 skall á okkur og samkomutakmarkanir voru hertar til muna, varð ljóst að ekki væri hægt að halda þetta mót með þeim hætti sem framkvæmdaaðilar vildu. Ekki yrði hægt að tryggja öryggi mótsgesta og eftir samtöl og fundi með Almannavarnateymi ríkislögreglustjóra var ákvörðun tekin um að fresta mótinu um eitt ár.

UMFÍ fékk hrós fyrir þessar ákvarðanir og lagði sitt á vogarskálarnar til að hefta útbreiðslu Covid-19.

Framundan í haust verður þráðurinn tekinn upp að nýju og vinna sett í gang með framkvæmd þessara móta á næsta ári. Mikið af þeirri vinnu sem unnin var mun nýtast á komandi mánuðum og er stefnt á að halda glæsileg mót á næsta ári.

> UMFÍ eflir þátttöku í íþróttum og hreyfingu. UMFÍ er málsvari þess að allir geti tekið þátt á sínum forsendum. Ein af leiðum UMFÍ til að bæta lýðheilsu fólks er að standa fyrir fjölbreyttum verkefnum sem stuðla að hreyfingu, með áherslu á nýjungar í hefðbundnum sem óhefðbundnum greinum.



# UNGLINGALANDSMÓT

## Selfossi 31. júlí - 2. ágúst 2020



# 23. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ átti að fara fram á Selfossi dagana 31. júlí - 2. ágúst 2020.

Búið var að skipuleggja mótið í þaula á vordögum þegar kórónuveirufaraldurinn og óvissa með nálægðarmörk settu allt í uppnám. Fundað var reglulega með Almannavarnateymi ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni á Suðurlandi vegna mótsins. Á endanum voru reyndust svo miklar takmarkanir á samkomum að ekki reyndist unnt að uppfylla skilyrði um sóttvarnir. Af þeim sökum var ákveðið að fresta mótinu um eitt ár.

Mótshaldarar verða á næsta ári þeir sömu og fyrirhugaðir voru 2020, Héraðssambandið Skarphéðinn og Sveitarfélagið Árborg. Framkvæmdastjóri mótsins verður sem fyrr Ómar Bragi Stefánsson.

Eins og áður sagði var undirbúningi mótsins að miklu leyti lokið. Búið var að setja upp vefsíðu Unglingalandsmótsins með upplýsingum um keppnisgreinar og sérgreinarstjóra. Heimasíða mótsins er ulm.is

## KEPPNISGREINAR

- biathlon
- bogfimi
- fimleikar
- frisbígolf
- frjálsar íþróttir
- glíma
- golf
- götuhjólreiðar
- hestaíþróttir
- íþróttir fatlaðra
- knattspyrna
- kökuskreytingar
- körfubolti
- motocross
- pílukast
- rafíþróttir
- skák
- stafsetning
- strandblak
- strandhandbolti
- sund
- taekwondo
- upplestur

## HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 2011–2019

| | | |
|---|---|---|
| 2020 | Selfoss | Frestað |
| 2019 | Höfn í Hornafirði | 960 |
| 2018 | Þorlákshöfn | 1.279 |
| 2017 | Egilsstaðir | 980 |
| 2016 | Borgarnes | 1.314 |
| 2015 | Akureyri | 1.973 |
| 2014 | Sauðárkrókur | 1.423 |
| 2013 | Höfn í Hornafirði | 1.100 |
| 2012 | Selfoss | 1.785 |
| 2011 | Egilsstaðir | 1.085 |

„Ætla má að rúmlega þúsund þátttakendur á aldrinum 11-18 ára taki beinan þátt í greinum mótsins og að Selfoss fyllist af fjölskyldum um verslunarmannahelgina 2021 sem ætlar að skemmta sér saman langt fram á kvöld.“

Þórir Haraldsson, formaður unglingalandsmótsnefndar

SJÁUMST Á SELFOSSI 2021!

# 10. LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni og annarri keppni, hreyfingu og því að fá fólk á besta aldri til að hafa gaman saman í hreyfingu.

10. Landsmót UMFÍ 50+ átti að fara fram dagana 19.-21. júní í Borgarnesi. Vinna við undirbúning Landsmóts UMFÍ 50+ var í fullum gangi þegar greint var frá því undir lok apríl að ákveðið hefði verið að fresta mótinu.

## KEPPNISGREINAR

- boccia
- bridds
- fjallahlaup
- frjálsar íþróttir
- golf
- götuhlaup
- hestaíþróttir
- knattspyrna
- körfubolti
- línudans
- pílukast
- pútt
- pönnukökubakstur
- ringó
- skotfimi
- stígvélakast
- strandblak
- sund

## HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 2012–2019

| | | |
|---|---|---|
| 2020 | Borgarnes | Frestað |
| 2019 | Neskaupstaður | 266 |
| 2018 | Sauðárkrókur | 486 |
| 2017 | Hveragerði | 529 |
| 2016 | Ísafjörður | 256 |
| 2015 | Blönduós | 369 |
| 2014 | Húsavík | 293 |
| 2013 | Vík í Mýrdal | 248 |
| 2012 | Mosfellsbær | 351 |

„Það er eins með þetta mót og öll önnur hjá UMFÍ. Þetta er frábært tækifæri til að hitta vini, eignast nýja og ekki síst að ferðast um landið okkar og heimsækja staði sem maður er ekkert mikið að stoppa á.“

Pálína Margeirsdóttir, þátttakandi 2019

„Við viljum að sem flestir geti tekið þátt. Við ætlum að breikka aldursbilið og stefnum á fjölmennt Landsmót UMFÍ 50+ í júní 2021.“

Bragi Þór Svavarsson, sambandsstjóri UMSB

SJÁUMST
Í BORGARNESI
2021!




LANDSMÓT UMFÍ 50+
19. júní - 21. júní 2020 í Borgarnesi


ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ
KÓPAVOGI 26. - 28. JÚNÍ 2020



# ÍÞRÓTTAVEISLAN

Íþróttaveisla UMFÍ átti að fara fram í Kópavogi dagana 26.–28. júní 2020. Viðburðurinn er hugsaður fyrir alla 18 ára og eldri.

Hægt er að kynnast nýjum íþróttagreinum, fá kennslu í þeim og taka fyrstu skrefin í nýrri hreyfingu. Þátttakendur setja saman sína eigin veislu, sem svipar til fyrirkomulagsins sem kynnt var til sögunnar á Landsmótinu á Sauðárkróki árið 2017. Sigmar Sigurðarson var ráðinn verkefnastjóri Íþróttaveislunnar. Undir lok apríl var greint frá því að ákveðið hefði verið að fresta viðburðinum.

Það verður hægt að láta sig hlakka til ársins 2021 þegar Íþróttaveisla UMFÍ fer fram í Kópavogi!

## KEPPNISGREINAR

- bandý
- biathlon
- bogfimi
- borðtennis
- brennibolti
- crossfit
- drulluhlaup
- fótbolti
- frjálsar íþróttir
- fyrirtækja-boðhlaup
- golf
- hjólreiðar
- karate
- körfubolti
- kraftlyftingar
- náttúruhlaup
- padel
- parkour
- pílukast
- skák
- strandblak
- strandhandbolti
- sund
- taekwondo
- þríþraut

„Íþróttaveislan í Kópavogi er framlag UMFÍ og allra þeirra sem að henni standa til að efla lýðheilsu í landinu. Það er stöðug vinna."

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ

„Hér eru öflug íþróttafélög og frábær aðstaða til íþróttaiðkunar sem mun örugglega nýtast afar vel þegar Íþróttaveislan fer fram næsta sumar. Ég hlakka til að fylgjast með þessu skemmtilega íþróttamóti."

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi

„Við í UMSK hlökkum til að taka þátt í þessu frábæra verkefni sem Íþróttaveislan er."

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK

SJÁUMST Í KÓPAVOGI 2021!


















# UMFÍ ER LEIÐANDI Í FRÆÐSLU OG FORVÖRNUM

## UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ hafa verið starfræktar að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð frá því í janúar árið 2005. Starfsemin var flutt í dásamlegt og líflegt umhverfi í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni sumarið 2019.

Orðspor Ungmennabúða UMFÍ hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og eru skólahópar víða að af landinu þéttbókaðir alla virka daga í ungmennabúðunum út skólaárið.

Viðburðir í Ungmennabúðum UMFÍ eru í formi námskeiða sem tengjast meginstoðum ungmennafélagshreyfingarinnar. Þar er lögð áhersla á útivist, hreyfingu og félagsfærni og er markmið dvalarinnar að styrkja félagsfærni ungmenna og efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi, auk þess að hvetja þau til að hafa heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi.

Fyrstu skólahóparnir komu í nýjar Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni í upphafi skólaárs haustið 2019. Vel gekk að skrá hópa í búðirnar fram að samkomubanni vorið 2020 en þá féll allt skólastarf niður. Veirufaraldurinn setti því stórt strik í reikninginn fram að nýju skólamisseri haustið 2020.

### ENDURNÝJUN HÚSSINS

Vorið og sumarið 2019 einkenndust af miklum endurbótum á gömlu íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni. Hefur hún tekið miklum stakkaskiptum. Húsið var mjög illa farið að innanverðu og reyndist nauðsynlegt að ráðast í viðamiklar framkvæmdir í nánu samstarfi við starfsfólk Bláskógarbyggðar, gamla eldhúsið rifið og gólfefni, lagnir og vaskar endurnýjað ásamt miklum endurbótum tengdum brunabótum. Þá voru nærri því allar hurðir innanhúss fjarlægðar og öll húsgögn endurnýjuð.

Endurbætur á húsnæðinu og lóðinni standa enn yfir og er m.a. búið að setja upp klifurgrindur fyrir utan húsið.

Innbú Ungmennabúðanna hefur verið endurnýjað og allt veggskraut og merkingar settar upp sem miða að því að gera vörumerki UMFÍ sýnilegra og festa í sessi hversu stór hluti búðirnar eru af UMFÍ.

„Gott að taka pásu frá símanum"

# ÁRLEGA

„Lærðum að vinna betur saman"

# KOMA

„Frábært að fá að æfa sig í mannlegum samskiptum"

# RÚMLEGA

„Þetta er geðveikt gaman"

# TVÖ ÞÚSUND

„Það á að koma hingað til þess að fara út fyrir þægindarammann"

# UNGMENNI

„Þetta er eins og lífsleikni námskeið á sterum"

# Í BÚÐIRNAR

## NÝ TÆKIFÆRI

UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs þegar skólahópar nýta það ekki, fyrir námskeið sambandsaðila og aðildarfélaga, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði. Margir hafa gripið tækifærið og átt ógleymanlegar stundir í faðmi náttúrunnar á Laugarvatni. Handboltadeild Víkings í Reykjavík var meðal þeirra sem tóku húsnæðið á leigu sumarið 2020.

Íþróttasamband fatlaðra hefur starfrækt sumarbúðir fatlaðra í húsinu sem nú hýsa Ungmennabúðir á  Laugarvatni frá árinu 1986. Þær hafa mælst afar vel fyrir. Sumarbúðirnar eru hugsaðar fyrir einstaklinga á aldrinum 16 til 50 ára. Um er að ræða tvö vikulöng námskeið á sumrin. Í júní 2019 var bætt við íþrótta- og ævintýrabúðum í fyrsta sinn. Búðirnar voru hugsaðar fyrir börn fædd árið 2005-2009 og var lögð áhersla á margskonar íþróttagreinar. Leikurinn var endurtekinn sumarið 2020 og leigði Íþróttasamband fatlaðra húsnæði Ungmennabúða UMFÍ í tæpan mánuð og nú þegar er búið að staðfesta þær aftur við UMFÍ fyrir sumarið 2021.

Kanadíska fyrirtækið Makwa, sem skipuleggur ferðir fyrir ungt fólk, tók húsnæðið á leigu í júlí og hluta af ágúst árið 2019. Áform voru uppi um að endurtaka leikinn árið 2020. Þau áform urðu hins vegar að engu vegna heimsfaraldursins

„Ég fór með meistaraflokk karla í Ungmennabúðir UMFÍ og hélt svo námskeið þar í sumar fyrir handboltakrakka. Við héldum íþróttanámskeið fyrir 120 krakka. Viðbrögðin voru gríðarlega jákvæð. Fyrir meistaraflokkinn í handbolta þá voru þetta frábærar æfingabúðir og sem fyrr var allur hópurinn ánægður með bæði gisti- og íþróttaaðstöðuna. Ég mæli hiklaust með námskeiðahaldi eða æfingabúðum á Laugarvatni og tel að þetta sé falin perla.“

Jón Gunnlaugur Viggósson, yfirþjálfari handknattleiksdeildar Víkings

### STARFSFÓLK UNGMENNABÚÐA



Anna Margrét Tómasdóttir



Freydís Halla Friðriksdóttir



Jörgen Nilsson



Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir



Veronika Tumova



Þorsteinn Hauksson

# UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin í ráðstefnu- og tónlistarhúsinu Hörpu fimmtudaginn 17. september. Til stóð að halda ráðstefnuna í apríl 2020 en vegna Covid-19 var ákveðið að færa hana og fresta til september 2020. Upphaflega stóð til að halda hana í Héraðsskólanum á Laugarvatni dagana 16.-18. september en vegna annarrar bylgju kórónufaraldursins var ákveðið að breyta ráðstefnunni í viðburð í einn dag. Um einstakan viðburð var að ræða í sögu ungmennaráðstefnunnar því að þetta var í fyrsta sinn sem hún var haldin í Reykjavík.

Yfirskrift ráðstefnunnar þetta árið var Lýðræðisleg áhrif, hvar, hvenær og hvernig getur ungt fólk haft áhrif? Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 15-25 ára og komu þau víðs vegar að landinu. Auk ungmenna sótti metfjöldi ráðamanna viðburðinn eða um tuttugu ráðherrar, þingmenn og borgarfulltrúar.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda af ráðstefnunni, sem hefur verið haldin árlega frá árinu 2009 og hefur fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.

Ráðstefnan var styrkt af Erasmus+. Fulltrúi þess mætti á viðburðinn og tók hann út. Að mati fulltrúans hlaut viðburðurinn hæstu einkunn.

Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt og innihélt hún m.a. samtal ungmenna og ráðamanna, fyrirlestra og pallborðsumræður. Fyrirlesarar voru Jón Halldórsson frá KVAN og Bergsveinn Ólafsson fyrirlesari.

**78%**
þátttakenda voru að mæta á sína fyrstu ráðstefnu

**95%**
þátttakenda lærðu eitthvað nýtt á ráðstefnunni

**97%**
þátttakenda fannst að Ungmennaráð UMFÍ ætti að halda áfram að standa fyrir svipuðum viðburðum

## METFJÖLDI RÁÐAMANNA SÓTTI VIÐBURÐINN

Á setninguna mættu Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Þingmennirnir Andrés Ingi Jónsson, Björn Leví Gunnarsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Helga Vala Helgadóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsson og Vilhjálmur Árnason tóku þátt í umræðum. Ásamt þeim gerðu það Ketill Berg Magnússon, mannauðsstjóri Marel, og Ragna Sigurðardóttir borgarfulltrúi.

Í pallborðsumræður mættu og tóku þátt Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu/ sveitarstjórnarráðherra, og þingmennirnir Andrés Ingi Jónsson, Willum Þór Þórsson, Bryndís Haraldsdóttir og Steinunn Þóra Árnadóttir auk Sönnu Magdalenu Mörtudóttir borgarfulltrúa.

### DÆMI UM LÆRDÓM SEM ÞÁTTTAKENDUR TÓKU MEÐ SÉR HEIM TIL ÞESS AÐ NÝTA Í NÆRSAMFÉLAGI SÍNU:

- Það að ungt fólk getur haft áhrif – hvar og hvenær sem er.
- Hvernig maður verður jákvæður leiðtogi.
- Reynslu.
- Mikinn lærdóm um störf þinghópa.

> UMFÍ leggur áherslu á að vera leiðandi í fræðslu- og forvarnastarfi. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi sterkrar sjálfsmyndar svo að hver og einn geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin hegðun og lífsstíl.




st þér ráðstefnan í einu orði?
UMFÍ
súkkulaði
hvetjandi
uppbyggjandi
geggjuð
fjörugt
athugavert
góð reynsla
áhugaverð
fræðandi
geggjað
áhugavert
stórkostleg
skemmtileg
frábær
fræðileg
svo gaman
lærdómsrík
16
UMFÍ




UNGT FÓLK
OG LÝÐRÆÐI
Erasmus+
UMFÍ














HVAR, HVENÆR OG HVERNIG GETUR
UNGT FÓLK HAFT ÁHRIF?
HVENÆR HEFUR UNGT FÓLK ÁHRIF?




MFÍ



# HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 25.-31. maí 2020. Undirbúningur viðburðarins var litaður af heimsfaraldri kórónuveirunnar og aðgerða á skólastarfi til að hefta mögulega útbreiðslu veirunnar. Undirbúningur fór á fullt um leið og Almannavarnir gáfu grænt ljós á skólastarf með eðlilegum hætti eða um miðjan apríl.



Í aðdraganda Hreyfiviku UMFÍ voru kynningarbréf send út til sambandsaðila, skóla, boðbera Hreyfiviku UMFÍ síðustu ár, til forsvarsmanna sveitarfélaga sem og yfir 500 fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Einnig voru allar upplýsingar birtar á heimasíðu og samfélagsmiðlum UMFÍ. Þátttakendur voru hvattir til að taka þátt í myndaleik og nýta til þess myllumerkið #minhreyfing. Að þessu sinni var það Farm Hostel Efstadal sem gaf vinninga í myndaleik. Eins og undanfarin ár var það 66°Norður sem gaf vinninga til boðbera.



Árið 2018 gerði UMFÍ samstarfssamning við Ölgerðina til ársins 2020. Samstarfið hefur ávallt verið gott. Kynningarfulltrúi UMFÍ sá um samstarf við SÝN að þessu sinni og var samstarfið einkar gott í ár. SÝN stóð við sitt, birti greinar og fréttir á miðlum sínum og sýnileiki vikunnar var góður á Vísir.is og í útvarpi. Auglýsingarnar voru jafnframt sýndar á RÚV í gegnum Ölgerðina.

Engin formleg setning var að þessu sinni en fjöldi viðburða hófst um miðjan maí svo að víða var vikunni þjófstartað eða hún teygð fram í byrjun júní.

Viðburðir í Hreyfivikunni voru af ýmsum toga, allt frá opinni íþróttaæfingu fyrir alla, skipulögðum göngutúrum, ókeypis í sund eða harmonikkuballi þar sem fólk dansaði og hreyfði sig saman.



Fjölmargir skólar tóku þátt að þessu sinni. Almenn þátttaka í Hreyfivikunni í ár var minni en undanfarin ár en fjöldi boðbera hélst nokkurn veginn í stað. Helstu ástæður fækkunar má enn og aftur rekja til núverandi ástands.

Virkni sambandsaðila UMFÍ í Hreyfiviku UMFÍ er misjöfn og er óhætt að segja að þátttaka af þeirra hálfu var með minnsta móti. Þegar á allt er litið var þátttaka á landsvísu minni en síðustu ár og má það helst rekja til ástandsins vegna kórónuveirufaraldursins.

## ÞRÓUN HREYFIVIKU UMFÍ Í GEGNUM ÁRIN



| | 2012 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Boðberar | 25 | 90 | 120 | 150 | 150 | 165 | 90 | 150 |
| Viðburðir | 30 | 250 | 470 | 480 | 490 | 380 | 200 | 135 |
| Þátttakendur | 500 | 20.000 | 40.000 | 42.000 | 43.000 | 38.000 | 20.000 | 12.000 |
| Þéttbýlisstaðir | 10 | 45 | 50 | 55 | 60 | 55 | 40 | 40 |

# ÁNÆGJUVOGIN 2020

Ánægjuvogin er unnin af Rannsóknum og greiningu (R&g) fyrir Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir heiti verkefnisins: Ungt fólk. Í Ánægjuvoginni felst að spurningum tengdum íþróttum og íþróttaiðkun er bætt við spurningalistana. Listarnir voru lagðir fyrir nemendur bekkjanna í febrúar 2020 og var svarhlutfall 85%.

ÍSÍ og UMFÍ hafa fengið að setja inn í spurningalistann nokkrar spurningar með það fyrir augum að kanna ánægju iðkenda hjá íþróttafélögum. Spurt er m.a. um ánægju iðkanda með félag viðkomandi, aðstöðuna og helstu áhersluatriði þjálfarans í starfi. Einnig eru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti á borð við vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd.

Þegar skoðuð eru tengsl íþróttaiðkunar og vímuefnaneyslu kemur fram að eftir því sem krakkar stunda íþróttir með íþróttafélagi oftar í viku, því ólíklegri eru þau til að neyta vímuefna. Hlutverk þjálfara og ábyrgð hans í uppeldi iðkanda er ótvírætt og skiptir sköpum hvaða áherslur hann hefur í forgangi í starfi sínu, á borð við sigur í keppni, drengilega framkomu og heilbrigt líferni.

Kynning á Ánægjuvoginni 2020 fór fram 12. júní. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu (R&g) og kennari við íþróttafræðideild Háskólans í Reykjavík, kynnti niðurstöður. Hægt er að horfa á kynninguna á heimasíðu UMFÍ.

Í tengslum við kynningu á Ánægjuvoginni tóku ÍSÍ og UMFÍ höndum saman við auglýsingastofuna Kontor Reykjavík. Gerð voru fimm myndbönd sem ÍSÍ og UMFÍ ásamt sambandsaðilum deildu á miðlum sínum. Myndböndin má sjá á heimasíðu og miðlum UMFÍ.

### IÐKENDUR VINNA BETUR SAMAN

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi og taka ÍSÍ og UMFÍ þeim fagnandi. Þar kemur skýrt fram að nemendum, sem eru virkir í skipulögðu íþróttastarfi, líður betur og þeir vinna betur í hópi en aðrir. Þetta er mikill fjöldi því að um 90% barna í hverjum árgangi fara í gegnum íþróttastarf með íþróttafélagi. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur einnig fram að 61% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla æfi með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftar. Meirihluti nemenda metur andlega og líkamlega heilsu sína góða. Þeir eru síður líklegir til að sýna af sér frávikshegðun og neyta vímuefna.

Niðurstöðurnar eru greindar niður á íþróttahéruð og hafa skýrslurnar verið sendar út til héraðanna.

> „Við sjáum hvaða þættir það eru sem eru verndandi og hvaða þættir það eru sem draga úr líkum á því að barn leiðist út í einhvers konar frávikshegðun, sér í lagi vímuefnaneyslu. Við sjáum að skipulagt íþrótta- og tómstundastarf hefur forvarnagildi.“
>
> Margrét Lilja Guðmundsdóttir,
> sérfræðingur hjá R&g

> UMFÍ vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur þá til þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélagshópar hafi aðgengi og geti tekið þátt í fjölbreyttri hreyfingu.




# 88%
nemenda sem æfa íþróttir
finnst gaman á æfingu

# 61%
nemenda í efstu bekkjum grunnskóla æfa
með íþróttafélagi 1x í viku eða oftar

# 78%
nemenda sem æfa íþróttir eru
ánægðir með æfingaaðstöðuna

# 89%
nemenda eru ánægðir
með íþróttafélagið sitt

# 88%
nemenda sem æfa íþróttir eru
ánægðir með þjálfarann sinn










REYKJANESHÖLLIN


Allir með!
ÉG ER
ÍÞRÓTTASTJÓRI
KEFLAVÍKUR


ÉG ER
GRUNNSKÓLA-
FULLTRÚI
Allir með!


Allir með!
ÉG ER
ÍÞRÓTTASTJÓRI
UMFN


Allir með!

# ALLIR MEÐ

Þann 3. september sl. var skrifað undir samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFN), Keflavíkur, íþrótta- og ungmennafélags, UMFÍ, Reykjanesbæjar og ráðgjafarfyrirtækisins KVAN.

Verkefnið er liður í verkefni Reykjanesbæjar sem miðar að því að vera fjölskylduvænn bær. Þar er hugað sérstaklega að vellíðan barna, jákvæðum samskiptum þeirra og sterkri félagsfærni. Þetta er gert með áherslu á þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Allt bendir til þess að samfélagsleg virkni leiði til betri líðanar, jákvæðari samskipta, sterkari félagsfærni og ýti undir það að fólk sé hluti af samfélagsheildinni.

Í verkefninu er einblínt á alla, jafnt iðkendur sem aðra íbúa í bæjarfélaginu, sem standa utan skipulagðs starfs og tómstunda. Horft er sérstaklega til þeirra sem af ýmsum ástæðum eiga erfitt með að taka þátt í því. Þar á meðal er kastljósinu m.a. beint að börnum af erlendum uppruna og börnum sem taka ekki þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi.

„Þegar allir eru með erum við sterkari. Fjölbreyttar áskoranir blasa við samfélaginu og mikilvægt er að huga að velferð barna og barnafjölskyldna. Við þurfum öll að vinna saman að því verkefni.“

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, fagnar aðkomu UMFÍ að verkefninu og leggur áherslu á mikilvægi þess að halda gildum ungmennafélagshreyfingarinnar á lofti.

„Þetta verkefni er kjarni gilda UMFÍ, að stuðla að betri einstaklingum, öflugri félögum og bættu samfélagi fyrir okkur öll. Gildin um þátttöku á breiðum grundvelli og að allir taki þátt á eigin forsendum eiga svo sannarlega eftir að koma í ljós í þessu verkefni. Árangurinn verður fólginn í jákvæðum áhrifum á líf fólksins, einstaklinganna og samfélagsins í heild. Þetta er ungmennafélagsandinn.“

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, í erindi sem hún hélt við undirritun samningsins.







# FORVARNADAGURINN

Að Forvarnadeginum standa Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, Bandalag íslenskra skáta, Embætti forseta Íslands, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis, sem jafnframt sér um verkefnastjórn.

Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefna-neyslu og ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur. Íslenskar rannsóknir sýna að ungmenni, sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líkleg til að hefja neyslu fíkniefna en aðrir. Að sama skapi sýna niðurstöðu að mun ólíklegra er að ungmenni, sem stunda íþróttir og annað skipulegt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknir að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegri er að þau neyti fíkniefna.

Forvarnadagurinn var haldinn 7. október 2020. Fyrirhugað var að hann yrði eins og árin á undan, hefjast með blaðamannafundi 5. október þar sem áherslumál dagsins eru ævinlega kynnt. Á sjálfan Forvarnadaginn mundi Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heimsækja tvo skóla og ræða þar við nemendur.

Kórónuveirufaldurinn kom í veg fyrir þessi áform. Þess í stað gerði auglýsingastofan Sahara myndband þar sem forseti Íslands ræddi um áherslur forvarnadagsins og rætt var við fjölskyldur, börn og ungmenni um forvarnir og heilbrigt líferni. Því til viðbótar gerði Sahara nokkrar myndir með slagorðum dagsins og birti þær ásamt vídeóum á samfélagsmiðlun þeirra félagasamtaka sem standa að Forvarnadeginum.



# VERTU MEÐ

Þann 29. janúar fór fram opinn hádegisfyrirlestur um hvernig hægt  sé að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Fyrirlesari var Solveig Straume, prófessor við Háskólann í Molde í Noregi. Hún veitti gestum innsýn í verkefni sem hún hefur komið að til að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í Noregi. Viðburðurinn var hluti af Reykjavíkurleikunum (RIG) og haldinn í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ).

UMFÍ minnir á efnið Vertu með sem hefur það markmið að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins er foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í efninu er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna kosti þess að hreyfa sig, upplýsingar um æfingagjöld og frístundastyrki og mikilvægi þátttöku foreldra svo að dæmi séu nefnd.

Efnið er aðgengilegt á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku. Efnið er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Efnið er aðgengilegt á heimasíðu UMFÍ undir Verkfærakistunni.

# SÝNUM KARAKTER

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni ÍSÍ og UMFÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegar færni barna og ungmenna í íþróttum.

Hugmyndafræði verkefnisins byggir á því að hægt sé að þjálfa og styrkja sálræna og félagslega færni iðkanda eins og líkamlega færni. Verkefnið hóf göngu sína árið 2016. Á árinu fóru fram ýmsir kynningarfundir með þjálfurum og forsvarsmönnum íþróttafélaga. Til viðbótar litu dagsins ljós hlaðvarpsþættir tengdir verkefninu. Hægt er að nálgast allt efni verkefnisins á synumkarakter.is

# SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR

Félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað í þér býr var haldið nokkrum sinnum víðs vegar um landið á starfsárinu. Starfsfólk UMFÍ bregst við öllum óskum um námskeið, hvort sem um er að ræða sambandsaðila UMFÍ eða aðra hópa.

Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, framkomu, ræðuflutningi, raddbeitingu, skipan ræðu og fleira sem skiptir máli í félagsstörfum. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundarsköpum, m.a. er leiðbeint um fundarreglur, boðun funda, fundarskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar og fleira. Þátttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í leiki til þess að brjóta námskeiðið upp.

# UMHEIMURINN HORFIR TIL ÍSLANDS

Embættismenn og sveitarstjórnarfólk frá erlendum ríkjum hefur undanfarin ár verið duglegt við að heimsækja þjónustumiðstöð UMFÍ.

Tilgangurinn er að fræðast um árangur Íslendinga í forvarnamálum, aðgerðum sem stuðlað hafa að því að draga úr unglingadrykkju, skipulagt tómstunda- og æskulýðsstarf, verkefni UMFÍ og leiðir til að bæta lífsstíl ungs fólks í heimalöndum sínum. Vegna kórónuveirufaraldursins hefur dregið úr heimsóknum en þó voru nokkrir sem tókst að koma áður en öllu var lokað í mars.

„Andi UMFÍ er að einblína á að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.“

Guðni Th. Jóhannesson,
forseti Íslands

# GETSPÁ OG GETRAUNIR, MIKILVÆGUR FJÁRHAGSLEGUR BAKHJARL HREYFINGARINNAR

Árið 2019 var sérlega gott rekstrarár hjá Íslenskri getspá, það besta til þessa ef miðað er við veltu undangenginna ára. Tekjuafgangur ársins nam tæplega tveimur milljörðum króna. Stöðugleiki í sölu og rekstri fyrirtækisins hefur verið einstaklega góður undanfarin ár og arðsemin því góð. Þetta er nefnt hér í ljósi þess að rekstur sem þessi er að jafnaði ekki svona stöðugur.

## ÍSLENSK GETSPÁ

Lottópottar hverrar viku lifa sjálfstæðu lífi, ef svo má að orði komast, því að enginn veit hvort þeir gangi út eður ei. Stærð potta hefur mikil áhrif á sölu og þar með arðsemi. En með öflugu kostnaðareftirliti og lifandi markaðsstarfi hefur tekist að halda rekstrinum stöðugum.

Nú sér fyrir endann á hinum miklu og fjölbreyttu fjárfestingum sem stjórn Íslenskrar getspár ákvað að ráðast í árið 2012 til að efla tækni og styrkja söluleiðir í takt við breytta tíma. Með þeim má með sanni segja að félagið sé með tæknilega yfirburði á íslenskum happdrættismarkaði og komið á svipaðan stað og samstarfsaðilar þess á hinum Norðurlöndunum. Á árinu var m.a. nýtt centralkerfi og ný lottóvél tekin í notkun. Einnig má nefna að lottóappið var sett í loftið en það hefur nú þegar skilað góðum árangri. Áfram verður haldið í tæknivæðingu söluleiða.

Við störfum í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem yfirvöld láta erlenda og ólöglega spilun algjörlega óáreitta. Á sama tíma hafa fjölmargar Evrópuþjóðir hert verulega á eftirliti með slíkri starfsemi og jafnvel lokað fyrir möguleika á að kaupa leiki þeirra.

Stjórn og starfsfólk Íslenskrar getspár hefur staðið þétt saman í rekstri og áherslum félagsins undanfarin ár og svo verður áfram. Stjórn fundar í hverjum mánuði og stjórnarmenn gera sér far um að fylgjast vel með rekstrinum. Lögð er áhersla á öflugt upplýsingastreymi til stjórnarmanna til að tryggja góða stjórnarhætti.

Íslensk getspá er með nokkur slagorð tengd leikjum fyrirtækisins. Gildi Íslenskrar getspár snúa að heiðarleika, trausti og gleði, samfara þátttöku neytenda í leikjum okkar og þakklæti til þeirra fyrir stuðning við stærstu fjöldahreyfingar á Íslandi. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Jóhann Steinar Ingimundarson.

## ÍSLENSKAR GETRAUNIR

Salan hjá Íslenskum getraunum gekk afar vel á árinu 2019 og varð söluaukning í öllum leikjum. Sá sögulegi atburður átti sér stað að í fyrsta sinn fór salan í leikjum fyrirtækisins vel yfir einn milljarð króna. Til samanburðar var heildarsalan 866 milljónir króna árið 2018. Við erum þakklát fyrir gott rekstrarár 2019 hjá Íslenskum getraunum. Hlutverk og þýðing Íslenskra getrauna í fjármögnun fyrir íþrótta- og ungmennafélögin er afar mikilvæg.

**1,73 milljarðar**

Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila

**182,4 milljónir**

Greiddar til sambandsaðila UMFÍ auk 16,8 m.kr. úr fræðslu- og verkefnasjóði

**13,33%**

Eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá



Erlendur íþróttaleikjamarkaður hefur breyst ógnarhratt á undanförnum árum, þar sem krafa fjárfestanna í hinum erlendu vogunarsjóðum, sem fjármagna að stórum hluta þennan markað, er aukin arðsemi. Sú krafa kallar á fleiri og hættulegri spilaform og einnig og ekki síður á tengingar við óæskilega starfsemi eins og hagræðingu úrslita, peningaþvætti og markaðsáherslur sem beint er að yngri hópum. Íslenskar getraunir geta ekki og vilja ekki taka þátt í slíkri vegferð.

Erlend spilayfirvöld eru, sem betur fer, farin að taka vel við sér og þrengja að slíkum fyrirtækjum og sekta þau. Við höfum ítrekað á þessum vettvangi bent á mikilvægi þess að koma á lagabreytingu til að vernda innlenda happdrættisstarfsemi. Miklar áherslubreytingar virðast vera í farvatninu varðandi ólögleg spilafyrirtæki án starfsleyfis í Evrópu. Ef sú þróun heldur áfram hlýtur ríkisvaldið hér á landi að vakna og skoða málið af alvöru.

Krafa Íslenskra getrauna er og verður sú að fyrirtækið verði verndað fyrir ólöglegum erlendum spilafyrirtækjum. Stjórn fyrirtækisins ásamt framkvæmdastjóra lagði áherslu á mikið aðhald í rekstrinum og að starfsmenn héldu vöku sinni varðandi aukna sölumöguleika. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir.

Stefán Konráðsson,
framkvæmdastjóri, Getspá - Getraunir






# UMFÍ STYRKIR GRASRÓTARSTARF

## LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

### I. SKIPTING LOTTÓTEKNA UMFÍ

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

### II. SKIPTING LOTTÓTEKNA SAMBANDSAÐILA UMFÍ

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

### III. REGLA VEGNA JAFNRAR SKIPTINGAR MILLI SAMBANDSAÐILA

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

- Einn hlutur: Héraðssambönd.
- 30% af hlut: Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.
- 10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.

### IV. REGLA VEGNA ÍBÚAFJÖLDA

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

### V. REGLA VEGNA FÉLAGSMANNAFJÖLDA

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

### VI. AÐRAR FORSENDUR FYRIR ÚTHLUTUN SAMBANDSAÐILA

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

> Markmið UMFÍ er að efla og styrkja fjárhagslegan grunn sambandsaðila. Að kynna sjóði UMFÍ og aðra sjóði fyrir sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra.

## VII. NÝIR SAMBANDSAÐILAR

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

## VIII. UM ÚTHLUTUN

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

## BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 51. sambandsþingi UMFÍ
á Laugarbakka árið 2019.

## LOTTÓÚTHLUTUN TIL FÉLAGA

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| UMSK | 54.730.289 | 51.139.924 |
| HSK | 18.936.682 | 18.086.486 |
| UMFF | 14.485.282 | 15.018.092 |
| Keflavík | 10.161.588 | 9.529.071 |
| UÍA | 9.231.177 | 8.011.923 |
| HSÞ | 6.129.792 | 5.710.625 |
| UMSS | 5.710.194 | 5.352.646 |
| HSV | 5.509.516 | 5.352.646 |
| UMSB | 5.509.516 | 5.250.364 |
| HSH | 5.254.110 | 4.909.434 |
| UMSE | 4.852.751 | 4.602.595 |
| UMFN | 4.870.994 | 4.057.101 |
| USÚ | 4.104.774 | 3.716.167 |
| UÍF | 3.995.309 | 3.613.888 |
| USAH | 3.612.198 | 3.341.142 |
| USVS | 3.192.602 | 2.966.114 |
| USVH | 3.156.113 | 2.949.071 |
| UDN | 3.010.167 | 2.829.743 |
| HHF | 3.156.113 | 2.761.556 |
| HSS | 2.845.977 | 2.659.276 |
| HSB | 2.864.216 | 2.625.184 |
| UMFG | 2.371.645 | 1.636.476 |
| UMÞ | 1.514.206 | 1.448.965 |
| UFA | 1.605.423 | 1.448.965 |
| UMFK | 747.981 | 733.006 |
| USK | 419.599 | 289.794 |
| Vesturhlíð | 291.893 | 272.746 |
| Óðinn | 109.461 | 102.278 |
| Víkverji | 54.731 | 51.142 |
| SAMTALS | 182.434.299 | 170.466.420 |

## LOTTÓÚTHLUTUN EFTIR ÁRUM

| | |
|---|---|
| **2019** | 182.434.494 |
| **2018** | 170.466.420 |
| **2017** | 152.950.986 |
| **2016** | 147.064.039 |
| **2015** | 126.744.873 |
| **2014** | 120.861.906 |

# SJÓÐIR

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóðurinn var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson sem var formaður UMFÍ frá árinu 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987. Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina þessa tvo sjóði í einn og ber hann heiti þeirra beggja. Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Sjóðnum er markaður tekjustofn, sem er 7% af lottótekjum UMFÍ. Umsóknarfrestir í sjóðinn eru tveir á ári hverju, til 1. apríl og 1. október. Fyrir hvern umsóknarfrest berast um eða yfir hundrað umsóknir sem sjóðsstjórn fer yfir.

Í sjóðsstjórn sitja formaður Sigurður Óskar Jónsson, Lárus B. Lárusson, sem situr í varastjórn UMFÍ, og Ragnheiður Högnadóttir, sem situr í stjórn UMFÍ.

### HVERNIG VERKEFNI HLJÓTA STYRK?

Sem dæmi um félög og verkefni þeirra sem hlutu styrk í október 2019 má nefna UMSB fyrir íþróttahátíð. Selfoss fimleikadeild, Þróttur Vogum og Neskaupsstað, Keflavík, Fjölnir, Snæfell, Afturelding og fleiri félög fyrir ýmsum þjálfaranámskeiðum. UMSS fyrir sögu félagsins í myndum. HSH fyrir stefnumótunarvinnu og Breiðablik fyrir kynningu á körfubolta. Sjóðurinn opnaðist síðan fyrir nýju aðildarfélögin í maí 2020. Sem dæmi um félög og verkefni sem hlutu styrk í maí má nefna Fram, Frisbígolffélag Reykjavíkur, ÍR fimleikadeild, ÍA og ÍBA fyrir ýmsum þjálfara- og útbreiðsluverkefnum. Aðildarfélög UMSK og HSK fyrir fjölbreytt námskeið eins og skyndihjálp, endurmenntun, stefnumótum, dómaranámskeið og fræðslu um andlega líðan í íþróttum.

Allar úthlutanir má sjá á heimasíðu UMFÍ.

## UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979 til 1993, og ber sjóðurinn nafn hans. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma heitins og UMFÍ.

Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að um umhverfisverkefni sé að ræða.

### HVERNIG VERKEFNI HLJÓTA STYRK?

Sem dæmi um verkefni, sem hlutu styrk úr síðustu úthlutun, má nefna merkingu á göngu- og hjólastíg Golfklúbbs Akureyrar á Jaðarsvelli, kolefnisjöfnun HSK og gróðursetningu á vegum Frisbígolffélags Reykjavíkur í Gufunesi. Allar úthlutanir má sjá á heimasíðu UMFÍ undir sjóðum.

### ÚTHLUTANIR ÚR FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐI Á ÁRI

| ÁR | VERKEFNI | UPPHÆÐ | |
|---|---|---|---|
| 2020 | 135 | 8.295.000 | (fyrri úthlutun) |
| 2019 | 206 | 16.832.000 | |
| 2018 | 199 | 16.214.250 | |
| 2017 | 152 | 14.699.500 | |
| 2016 | 134 | 14.149.000 | |

### ÚTHLUTANIR ÚR UMHVERFISSJÓÐI Á ÁRI

| ÁR | VERKEFNI | UPPHÆÐ |
|---|---|---|
| 2020 | 8 | 1.050.000 |
| 2019 | 8 | 1.050.000 |
| 2018 | 5 | 300.000 |
| 2017 | 8 | 950.000 |
| 2016 | 10 | 1.050.000 |

## LÝÐHÁSKÓLASTYRKIR

UMFÍ hefur undanfarin ár styrkt ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku.

Markmið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn. Það fái tækifæri til að kynnast nýju tungumáli og menningu og til að auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogahæfileika sína.

Skólaárið 2019-2020 veitti UMFÍ rúmar 2 milljónir króna í styrki til um 35 ungmenna vegna náms í lýðháskólum í Danmörku. Fyrir haustönn 2020 hafa 25 ungmenni sótt um styrk.

„Dvöl í lýðháskóla hefur verið viðburðaríkasti og skemmtilegasti tíminn í lífi mínu. Upplifunin er ekki sambærileg við neitt annað. Ég gæti ekki verið ánægðari með að hafa sótt um. Covid-19 hafði áhrif á dvöl mína en ég er ekki einn í heiminum sem finn fyrir því. Ég gæti ekki verið sáttari með að hafa valið IHS."

Steingrímur Örn Þorsteinsson,
Idrætshøjskolen Sønderborg










UMFÍ
SKINFAXI
TÍMARIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS
3. TBL. 110. ÁRG. 2019
www.umfi.is
pei

# UMFÍ SINNIR ÚTBREIÐSLU- OG KYNNINGARSTARFI

## SKINFAXI

Þrjú tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2019. Blaðið hefur komið óslitið út frá árinu 1909. Efnistök eru fjölbreytt og með áherslu á gagnsemi, sérstaklega innan íþróttahreyfingarinnar en einnig sem blað til að greina frá fjölbreyttri starfsemi UMFÍ. Umfjöllunarefni blaða hefur verið Covid-19, viðbrögð aðildarfélaga, þátttaka barna og ungmenna í íþróttum, sögur úr hreyfingunni og ýmis hagnýt ráð. Gert er ráð fyrir því að þrjú tölublöð komi út árið 2020.

Fjögur tölublöð voru gefin út áður. Fækkun þeirra skýrist af útgáfu sérblaða tengdum mótum UMFÍ og útgáfu Göngubókar.

Styrksöfnun hefur tekið við söfnun á styrktarlínum og auglýsingum í blaðinu og hefur auglýsingasala gengið vel. Prentsmiðjan Prentmet Oddi prentar blaðið.

## FRÉTTABRÉF

Fréttabréf og rafræn boðskipti hafa fengið aukið vægi hjá UMFÍ. Leitast er við að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila reglulega á um tveggja vikna fresti. Í fréttabréfinu er fjallað um nýjar fréttir af UMFÍ, það sem er nýliðið og væntanlegt.

Fréttabréf og rafræn skilaboð hafa verið send þátttakendum í aðdraganda árlegra viðburða UMFÍ á borð við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Þar er sagt frá viðburðunum sem fram undan eru. Á meðan viðburðum stendur hafa þátttakendur fengið fréttabréf sent í tölvupósti um viðburði dagsins og það sem fram undan er næsta dag ásamt nauðsynlegum skilaboðum sem þarf að koma til þátttakenda.

Frá í október 2019 og fram í september 2020 voru 34 fréttabréf send út til sambandsaðila. Flest og þéttust voru fréttabréfin send vorið 2020 með upplýsingum tengdum COVID-19 og málum sem tengdust íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni.

## GÖNGUBÓK UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2020. Mjög var vandað til útgáfunnar. Ritstjóri endurskoðaði langflestar gönguleiðir enda langt um liðið síðan ráðist hafði verið í slíkt verk. Strikaður var út fjöldi leiða, margar uppfærðar og nýjum bætt við. Keypt voru ný kort af Landmælingum en slíkt hafði ekki verið gert síðan fyrsta göngubókin kom út árið 2002.

Til samanburðar voru í fyrstu Göngubók UMFÍ – Göngum saman, 144 stuttar gönguleiðir víða um land. Nýja bókin inniheldur 258 gönguleiðir, ítarlegri lýsingar á 20 gönguleiðum og 38 léttar gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna. Áfram er stefnt á að uppfæra bókina.

Göngubókin árið 2019 var unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtæksins Wappið, sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Einar er jafnframt leiðsögumaður og stofnandi gönguhópsins Vesen og vergangur.

Bæklingadreifing sá um dreifingu Göngubókarinnar um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar.

## MÓTAHALD

Fyrirhugað var að gefa út sérblað vegna móta UMFÍ sumarið 2020. Sérblöð eru góður farvegur fyrir auglýsingar styrktaraðila og til að koma upplýsingum á framfæri. Ekkert varð af útgáfunni nú þar sem mótum var frestað um ár.

> UMFÍ leggur áherslu á að kynna mikilvægi starfseminnar og að nýta fjölbreyttar og nútímalegar aðferðir til að auka sýnileika hreyfingarinnar og að ná til allra aldurshópa.

# UMFÍ ER UMHUGAÐ UM NÁTTÚRU OG UMHVERFI

## ÞRASTASKÓGUR

Þrastaskógur í Grímsnesi er í eigu UMFÍ og fellur undir skógræktarátak ungmennafélaganna. Þetta er 45 hektara skógarsvæði sem liggur frá Álftavatni og niður með Soginu að Þrastalundi. Tryggvi Gunnarsson þingmaður átti landið og gaf hann það Ungmennafélagi Íslands á afmælisdegi sínum 18. október árið 1911. Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu. Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins.

UMFÍ á hluta af jörðinni, veiðiréttindi og tjaldsvæðið en hefur selt veitingastaðinn Þrastalund. Sverrir Einar Eiríksson er eigandi Þrastalundar og er með á leigu lóðirnar sem veitingastaðurinn og tjaldstæði eru á.

> UMFÍ leggur áherslu á almenna umhverfisvitund og virðingu fyrir umhverfi og náttúru landsins.





# UMFÍ ER NÚTÍMALEG OG LEIÐANDI SAMTÖK

## SKRÁNINGARKERFIÐ NÓRI

Árið 2017 innsigluðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota skráningarkerfið sér að kostnaðarlausu. UMFÍ hefur notað kerfið við skráningu á Landsmóti UMFÍ 50+ og Unglingalandsmóti UMFÍ.

Með Nóra geta notendur notað greiningartól og skoðað eitt og annað, svo sem kynja- og aldursskiptingu þeirra sem hafa skráð sig inn í kerfið, hvað viðkomandi hefur skráð sig í og fleira. UMFÍ hefur nýtt sér kerfið með góðum árangri. Margir sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra hafa jafnframt innleitt kerfið hjá sér.

## SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Samkvæmt æskulýðslögum og íþróttalögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsidóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3–5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota. Eyðublað fyrir aðildarfélög er að finna á heimasíðu UMFÍ.

UMFÍ hefur lengi mælt fyrir kostum þess að hægt verði að nálgast rafræn sakavottorð einstaklinga. Það varð að veruleika í byrjun júlí 2020 þegar mögulegt varð að sækja sakavottorð með rafrænum hætti á island.is. Vottorðið er svokallað einkavottorð sem staðfestir að ekkert brot sé í sakaskrá viðkomandi einstaklings. Sem fyrr þarf að greiða 2.500 krónur fyrir vottorðið og er það sent í pósthólf umsækjanda á island.is. UMFÍ sækir sakavottorð fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeim að kostnaðarlausu. Sú vinnsla er ekki enn orðin rafræn en vonast er til þess að svo verði samkvæmt áætlunum fljótt.

## MICROSOFT

Í byrjun árs flutti UMFÍ alla skjalavistun sína í Microsoft Sharepoint. Talsverð hagræðing var að yfirfærslunni því að Microsoft veitir félagasamtökum eins og UMFÍ ókeypis aðgang að tæknilausnum fyrirtækisins gegnum samningaform við óhagnaðardrifin félög (NGO).

Þegar samkomubann var sett á hóf UMFÍ að nota samvinnutólið Microsoft Teams í auknum mæli. Tólið nýtist afar vel til fundarhalda. Stjórn og starfsfólk UMFÍ hafa fundað með Teams. Það gerir fundi skilvirkari og einfaldar samræður hóp fólks óháð landamærum.

## FELIX

Felix er miðlægt félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ sem heldur utan um skráningar á iðkendum og félagsmönnum í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni á Íslandi. Kerfið var tekið í notkun árið 2004 og var endurbætt snemma árs 2017.

Með endurbótunum var tekin í notkun sjálfvirk tenging við skráningar- og greiðslukerfið Nóra þannig að allar skráningar á námskeið, sem gerðar eru í Nóra, eru keyrðar sjálfvirkt yfir í Felix. Félög geta nú haldið utan um námskeið og greiðslu félagsgjalda og einnig er hægt að setja inn banka- og kreditkortastillingar svo að hægt er að greiða með kortum.

Úr Felix er árlega unnin tölfræði, upp úr starfsskýrsluskilum íþróttahreyfingarinnar og um samsetningu hreyfingarinnar. Hægt er að greina tölfræðina niður á hverja einingu fyrir sig og geta félög og sambönd innan vébanda UMFÍ og ÍSÍ kallað fram upplýsingar um starfssvæði sitt allt aftur til ársins 2004. Undirbúningshópur vinnur nú að nýju kerfi. Síðustu skilin í núverandi kerfi voru í júní 2020. Verkefnastjóri Felix er Elías Atlason.

## SAMSKIPTARÁÐGJAFI Í ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir var í júní ráðin samskiptaráðgjafi í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Ráðningin byggir á því þegar stór hópur íþróttakvenna steig fram í janúar 2018 og greindi frá kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttahreyfingunni. Ungmennafélagshreyfingin brást hratt við og fordæmdi ofbeldið. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, greip boltann á lofti og skipaði í mars sama ár starfshóp sem ætlað var að leggja til aðgerðir gegn slíkri hegðun. Í starfshópnum átti sæti Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, ásamt fulltrúum frá ÍSÍ og fleirum. Starfshópurinn lagði til að stofnað yrði embætti samskiptaráðgjafa og var frumvarp þessa efnis lagt fram strax í október 2018. Á vorþingi 2019 voru lög um samskiptaráðgjafa samþykkt og í júlí auglýsti ráðuneytið eftir stofnun eða samtökum til að hafa umsjón með starfsemi samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Í janúar 2020 lauk formlegu mati á umsækjendum og var Domus Mentis – Geðheilsustöð talin hæfust.

Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.





„Ég er virkilega spennt fyrir þessu verkefni og öllu því sem leiðir til aukins öryggis og meiri ánægju iðkenda í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi."

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir,
samskiptaráðgjafi í íþrótta- og æskulýðsstarfi










UMFÍ





# UMFÍ BYGGIR Á TRAUSTUM STJÓRNARHÁTTUM

## SAMBANDSÞING UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ var haldið dagana 11.-13. október 2019 að Laugarbakka í Miðfirði. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti þingið og vék strax að stærsta máli þingsins; umsókn þriggja íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ.

Haukur sagðist í ávarpi sínu meta það svo að stjórn UMFÍ hefði víkkað sjóndeildarhring sinn, bætt samtalið við ungmennafélög um allt land, farið í kynnisferðir bæði innanlands og utan og unnið markvisst með sambandsaðilum UMFÍ að því að tengja þá saman. Allt hefur það snúist  um að auka samvinnu sambandsaðila og íþróttahreyfingarinnar allrar til að bæta starfið. Haukur sagði að verði af inngöngu íþróttabandalaganna muni UMFÍ stækka verulega og félögum fjölga enda öll stærstu íþróttahéruð landsins komin innan UMFÍ. Haukur sagði sóknarfæri felast í samþykkt aðildarumsóknarinnar og stækkun sambandsins. Baklandið yrði öflugra og krafturinn meiri, röddin þar með sterkari. Í framhaldinu geti UMFÍ tekið að sér stærri verkefni fyrir alla á breiðari og sterkari grunni.

„Ef við ætlum að efla og styrkja ungmennafélagshreyfinguna skulum við samþykkja tillöguna um inngöngu íþróttabandalaga að UMFÍ. Það mun skila sér í sterkari og breiðari hreyfingu,“ sagði hann.

Svo fór að lokum að umsókn þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ var samþykkt með nær öllum atkvæðum þingfulltrúa. Við inngönguna fengu íþróttabandalögin stöðu sambandsaðila innan UMFÍ. Bandalögin eru Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA).

### TÍMAMÓT

Nokkrar tillögur sem voru samþykktar á þinginu:

- Aðild þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ.
- Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum í samræmi við það samkomulag. UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma.
- Samþykkt að stjórn UMFÍ skipi starfsnefnd sem skoði og komi með tillögur um aðkomu ungmennafélagshreyfingarinnar að rafíþróttum.
- Sambandsaðilar og aðildarfélög hvött til að hefja stórátak í skógrækt og landgræðslu til að vinna að landbótum og bindingu kolefnis. Allir hvattir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sínum.
- Sambandsaðilar hvattir til að standa vörð um Íslenska getspá og Íslenskar getraunir og grípa til aðgerða gegn ólöglegri starfsemi veðmálafyrirtækja hér á landi.

*„Hreyfingin verður öflugri við þetta. Við horfum við framtíðar. Nú getum við sameinað krafta okkar og orðið öflugri samtök en áður.“*

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ


Ísland er land þitt
Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.
Ísland er landið sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sérð,
Ísland í sumarsins algræna skrúði,
Ísland með blikandi norðljósa traf.
Ísland að feðranna afrekum hlúði,
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.
Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk er sú lind,sem um æðar þér streymir.
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur,
Íslensk er lundin með karlmennskuþor.
Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma
Íslandi helgar þú krafta og starf
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst, meðan sól gyllir haf.
UMFÍ













## NÝ STJÓRN

Gengið var til kosninga um nýja stjórn UMFÍ. Haukur Valtýsson var einn í framboði til formanns UMFÍ. Niðurstaðan varð að kosin voru þau Ragnheiður Högnadóttir, Guðmundur G. Sigurbergsson, Gunnar Gunnarsson, Sigurður Óskar Jónsson, Jóhann S. Ingimundarson og Gunnar Þór Gestsson. Þau sem náðu ekki kjöri í stjórn gáfu öll kost á sér til setu í varastjórn og náðu kjöri. Þau voru Gissur Jónsson, Hallbera Eiríksdóttir og Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir. Helga Jóhannesdóttir dró framboð sitt til baka. Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, og Hrönn Jónsdóttir höfðu áður greint frá því að þau myndu ekki gefa kost á sér áfram í stjórn.

## GESTIR ÞINGSINS

- Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra
- Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri ÍBR
- Hannes S. Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands
- Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR
- Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ
- Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ

„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að þetta sé leiðin að árangri. Saman getum við eflt íþrótta- og æskulýðsstarf í landinu."

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR

„Tilfinningin að vera komin í UMFÍ er mjög góð. Aðild að UMFÍ mun bæta íþróttastarf á Akranesi."

Marella Steinsdóttir, formaður ÍA

UMFÍ leggur áherslu á gott skipulag og fagleg vinnubrögð og að þau séu gagnsæ og skilvirk með ábyrgð og lýðræði að leiðarljósi. Stuðlað er að vellíðan og góðum starfsanda þar sem öflug liðsheild vinnur af metnaði að því að bæta starfsemi hreyfingarinnar.







# STERKARI SAMAN SAMFÉLAGINU TIL GÓÐA

## FRAMKVÆMDASTJÓRA-HITTINGUR SAMBANDSAÐILA

Stjórn og starfsfólk UMFÍ hefur boðað framkvæmdastjóra og/eða starfsfólk sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra í óformlegan hitting í þjónustumiðstöð UMFÍ.

Fundirnir hafa slegið í gegn hjá framkvæmdastjórum enda er þetta frábært tækifæri til að hitta kollega, ræða málin og mynda tengsl innan íþróttahreyfingarinnar. Síðasti hittingur fór fram fimmtudaginn 4. júní 2020. Hann hófst við þjónustumiðstöð UMFÍ og var farið á nokkrum bílum á Laugarvatn. Þar var farið í leiki í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ. Eftir það var ekið á fjórhjólum undir Esjurótum. Góður rómur var gerður að ferðinni.

## FÁ ÞING VEGNA COVID-19

Fulltrúar stjórnar UMFÍ eða starfsfólks hafa sótt þing sambandsaðila UMFÍ í gegnum tíðina. Harla fá þing voru haldin þetta starfsárið sökum kórónaveirufaraldursins og var fjölda þinga frestað. Hjá 28 sambandsaðilum UMFÍ var þingum sex sambandsaðila frestað, þar af einu til 2021. Þing ÍBR og Héraðssambands Bolungarvíkur eru haldin annað hvert ár og eiga þau bæði að verða á næsta ári.

Fulltrúi stjórnar eða starfsmaður UMFÍ sótti 11 þing sambandsaðila. Viðkomandi flutti þar ýmist ávarp, afhenti starfsmerki eða annað í þeim dúr. Eina þingið, sem haldið var með fjarfundarbúnaði, var þing UÍA sem Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, sótti.

## UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um mál sem eru á ýmsum stigum fyrir þingi. Skrif umsagna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi enda margt sem varðar ungmennafélags- og íþróttahreyfinguna með ýmsum hætti.

Frá áramótum og fram til október sendi UMFÍ fjórar umsagnir um ýmis mál til Alþingis. Þar á meðal voru umsögn um frumvarp til fjáraukalaga, umsögn við tillögu um stuðning við íþróttaiðkun barna vegna COVID-19, umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025, umsögn um endurgreiðslu virðisaukaskatts manna í vinnu og margar fleiri.

## STJÓRNARFUNDIR

Alls voru haldnir 14 stjórnarfundir hjá UMFÍ á starfstímabili stjórnar. Fundirnir voru haldnir víða um landið sem og á fjarfundarformi.

## FRAMKVÆMDASTJÓRNAR-FUNDIR

Alls voru haldnir 21 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabili stjórnar. Flestir fundirnir voru haldnir í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík en einnig var notast við fjarfundabúnað.

„Ég hef alltaf verið talsmaður þess að hitta annað fólk. Þessir framkvæmdastjórahittingar skipta miklu máli. Það bætir svo samskiptin og styrkir tengslin þegar fólk sér hvert annað. Við höfum alls konar tæki og tól til að ræða saman. En þau jafnast aldrei á við kosti þess að hittast. Það er líklegra að ég leiti til þess innan hreyfingarinnar sem ég hef hitt og rætt við en hinna sem ég hef ekki séð."

Einar Haraldsson, formaður og framkvæmdastjóri
Keflavíkur, íþrótta- og ungmennafélags

# UMFÍ ER ÖFLUGUR SAMSTARFSAÐILI

## MANNRÉTTINDI BARNA Á ÍSLANDI

UMFÍ er í hópi níu félagasamtaka sem um tveggja ára skeið hefur unnið saman að gerð skýrslu um stöðu mannréttinda barna á Íslandi fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Um var að ræða viðbótarskýrslu við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til nefndarinnar. Hver félagasamtök fengu úthlutaðan kafla í skýrslunni og hafði UMFÍ umsjón með þeim þætti sem snýr að þátttöku barna.

Það heyrir til undantekninga að félagasamtök snúi bökum saman með þessum hætti. Hópurinn skilaði skýrslunni í lok september. Sent var út frá afhendingu skýrslunnar á Facebook og rætt við fulltrúa félagasamtakanna í fjölmiðlum.

Auk UMFÍ eru í hópnum eru Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Heimili og skóli, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið.

### UNGT FÓLK VINNUR SAMAN

Samhliða skýrslunni skrifaði hópur ungmenna sérstaka barnaskýrslu og var hún kynnt fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna degi áður en félagasamtökin kynntu sína skýrslu. Í verkefnahópnum voru sex ungmenni frá ungmennaráðum, þar á meðal Soffía Meldal, sem situr í ungmennaráði UMFÍ. Ungmennin fengu aðstöðu í þjónustumiðstöð UMFÍ til að funda með nefnd Sameinuðu þjóðanna.

## ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

UMFÍ á í miklum og auknum samstafi við starfsfólk og stjórnendur ÍSÍ. Í því hefur meðal annars falist mikil og samræmd upplýsingagjöf á árinu vegna Covid-19.

Þá er unnið að sértækum verkefnum, m.a. í fræðslumálum og hafa stjórnir samtakanna stefnt að því að hittast. Auk þess eru fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ í nokkrum nefndum sem tengjast báðum hreyfingunum. Sem dæmi má nefna vegna skráningakerfis og úthlutun lottó.

## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

RANNÍS styrkir mörg málefni á sviði æskulýðsstarfs og íþrótta. Samstarf Evrópusambandsins á sviði menntunar, æskulýðsmála og íþrótta er nefnd Erasmus+.

UMFÍ hefur nýtt sér tækifærin sem styrkjamöguleikarnir bjóða upp á og fengið styrki fyrir ferðum sambandsaðila, s.s. til Danmerkur. UMFÍ hefur jafnframt notið góðs styrks frá Erasmus+ vegna ungmennaráðstefnunnar Ungs fólks og lýðræðis.

Það sem af er 2020 hefur UMFÍ nú þegar hlotið styrk fyrir tveimur verkefnum. Annars vegar fyrir ferð til Noregs til þess að kynnast íþróttahéruðum og hins vegar vegna endurnýjunar á stefnu UMFÍ.

„Ég lærði heilmikið á netnámskeiði Æskulýðsvettvangsins. Þetta er eins og með aðra þekkingu. Maður þarf að halda henni við og bæta við hana. Það gerir maður á netnámskeiðum Æskulýðsvettvangsins. Ég mæli algjörlega með því."

Anna Dís Jónsdóttir, formaður fimleikadeildar Hattar á Egilsstöðum

# ÆSKULÝÐS-VETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenska skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Allt frá stofnun hefur ÆV sinnt því hlutverki sínu að þjónusta þau félagasamtök sem saman mynda vettvanginn og aðildarfélög með fræðslu og forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun.

Árið 2019 bauð ÆV í fyrsta sinn upp á netnámskeiðið Barnavernd fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Þetta er nýjung í fræðslu og forvörnum á Íslandi en þar er fólki kennt að þekkja mismunandi birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og annars áreitis sem börn og ungmenni geta orðið fyrir. Þeim sem taka námskeiðið er svo kennt hvernig á að bregðast við þegar slík atvik koma upp. Námskeiðið er öllum opið og notendum að kostnaðarlausu.

ÆV stóð svo fyrir námskeiðinu Verndum þau 1. október 2020. Námskeiðið hefur verið haldið frá árinu 2010. Það var nú í fyrsta sinn haldið einungis á netinu.

Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra ÆV, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fóru saman um Austurland í byrjun árs og kynntu námskeiðið ásamt því að kynna verkfræði ÆV. Mæting var góð og margir sem kynntust því sem ÆV býður upp á í fyrsta sinn. Í kjölfar kynningar á ÆV hefur málum frá sambandsaðilum UMFÍ fjölgað.

# MEÐBYR

UMFÍ varð samstarfsaðili „Víking“-mótaraðarinnar sem haldin var í fyrsta sinn sumarið 2020.

Innan mótaraðarinnar eru þekktir íþróttaviðburðir eins og KIA Gullhringurinn og Salomon Hengill Ultra ásamt tveimur nýjum keppnum, fjallahjólakeppninni Landsnet 32 og Eldslóðinni, sem er fyrir utanvegahlaupara.

UMFÍ hélt utan um árangur þeirra sem þátt tóku í öllum mótunum og á að afhenda þeim sem ná þeim áfanga verðlaun í lok sumars.

Kjörorð mótaraðarinnar ríma við UMFÍ. Þau eru: Allir keppa, allir vinna og allir velkomnir. Gildi mótaraðarinnar er jafnframt: Vinátta, virðing og keppni.

# ALMANNAHEILL

UMFÍ var einn af stofnaðilum að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans, árið 2008.

Markmið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa í almannaþágu, vinna að sem hagfelldustu starfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja ímynd þeirra, efla stöðu þeirra í samfélaginu og kom fram fyrir hönd þriðja geirans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum. Nánari upplýsingar um samtökin má finna á síðunni www.almannaheill.is

Á aðalfundi samtakanna 9. júní 2020 gekk Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ, úr stjórn samtakanna og inn kom í stað hennar Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

# ERLEND SAMSKIPTI

## SYSTURSAMTÖK UMFÍ

Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í gegnum tíðina hefur töluverður samgangur og samskipti verið á milli DGI og UMFÍ og hópar hafa farið landa á milli til að kynna sér starfsemi og rekstur í löndunum tveimur. Sem dæmi má nefna ferðir UMFÍ með starfsfólk ungmennafélagshreyfingarinnar 2015, 2017 og 2019.

## SAMTÖK UM ALMENNINGSÍÞRÓTTIR OG MENNINGU

UMFÍ er aðili að International Sport and Culture Association (ISCA) sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu fjölmargra landa. UMFÍ tekur þátt í verkefnum með ISCA á hverju ári. Helsta verkefni ISCA og UMFÍ í gegnum árin hefur verið Move Week eða Hreyfivika UMFÍ. Í október 2019 sat starfsfólk UMFÍ Move Congress-ráðstefnu í Búdapest. Yfirskrift ráðstefnunnar var Change the Game: It‘s your Move. Einn af fyrirlesurum ráðstefnunnar var íþróttaálfurinn Magnús Scheving. Magnús vakti heilmikla athygli ytra. Í erindi sínu fór hann yfir sögu Latabæjar og hvernig heppilegast er að hvetja fjölskyldur til þess að tileinka sér daglega hreyfingu og hollt mataræði.

Nánari upplýsingar um verkefni og störf ISCA er að finna á heimasíðunni irts.isca.org

## LÝÐHÁSKÓLAR

UMFÍ og Højskolernes Hus í Kaupmannahöfn eru með samstarfssamning um verkefni tengt námsdvöl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. Højskolernes Hus heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og er námsframboðið fjölbreytt.

## SAMTÖK UNGMENNAFÉLAGA Á NORÐURLÖNDUM

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde (NSU) eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndum. Á þeim vettvangi eru unnin mörg sameiginleg verkefni sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðsráðstefnur og ungbændaráðstefnur. Hlynur Snær Vilhjálmsson, fulltrúi í Ungmennaráði UMFÍ, tók sæti í stjórn samtakanna á aðalfundi í september 2020.

Nánari upplýsingar um samtökin er að finna á síðunni nsunet.org

„Samstarf skilar alltaf árangri og því er ég fullviss um að samvinnan verði báðum til gagns.“

Einar Bárðarson

„Að vera nemandi í lýðháskóla kennir manni svo miklu meira en maður heldur í fyrstu. Þegar ég skráði mig í Ollerup fimleikalýðháskólann bjóst ég við því að ég væri bara að fara að æfa fimleika og að það yrði það eina sem ég myndi læra.

Annað kom þó á daginn því að ég lærði svo miklu meira. Ég bætti mig í mannlegum samskiptum og þorði að stíga út fyrir þægindahringinn. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að öðlast þessa reynslu. Hún er svo sannarlega hverrar krónu virði.“

Eydís Ingadóttir, Gymnastikhøjskolen i Ollerup














LEVI'S






MENNAFÉLAG
SLANDS

# UMFÍ BYGGIR Á SJÁLFBOÐALIÐASTARFI

## VIÐURKENNINGAR

### HEIÐURSFÉLAGAR

Heiðursfélagar eru að öllu jöfnu kjörnir á sambandsþingum UMFÍ. Hljóta þeir við hátíðlega athöfn heiðursfélagakross UMFÍ sem er æðsta heiðursmerki samtakanna. Heiðursviðurkenningar eru að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Þessa sæmd er einnig sýnd merkum brautryðjendum hreyfingarinnar.

2019 Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2011 Björn B. Jónsson
2005 Þórir Jónsson
1997 Pálmi S. Gíslason
1993 Sigurður Geirdal
1987 Guðjón Ingimundarson
1987 Hafsteinn Þorvaldsson
1982 Þorsteinn Einarsson
1971 Skúli Þorsteinsson
1969 Eiríkur J. Eiríksson
1969 Sigurður Greipsson
1957 Anders Skåsheim
1957 Bernharð Stefánsson
1957 Guðbrandur Magnússon
1957 Helgi Valtýsson
1957 Jóhannes Jósefsson
1957 Jón Helgason
1946 Björn Jakobsson
1943 Björn Guðmundsson
1940 Vigfús Guðmundsson
1933 Guðmundur Jónsson frá Mosdal
1927 Helgi Valtýsson
1927 Jóhannes Jósefsson
1927 Þórhallur Björnsson

Hvaða störf eða verkefni standa helst upp úr starfinu í stjórn UMFÍ?

„Það er svo margt og frekar erfitt að velja eitthvað úr. Nokkur verkefni eru mér þó hugleikin eins og Unglingalandsmótin, Landsmót UMFÍ 50+, Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum og stofnun Ungmennaráðs UMFÍ. Að hafa fengið tækifæri til að kynnast og starfa með öllu því góða og duglega fólki sem starfar innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar stendur líka upp úr. Þetta var mjög gefandi starf, langoftast skemmtilegt, á stundum erfitt, en verður alltaf eftirminnilegt og hefur klárlega eflt mig sem einstakling. Það skilur eftir heilan helling af minningum.“

Helga Guðrún sat í stjórn UMFÍ 1995 - 2015
og var formaður UMFÍ 2007 - 2015

## GULLMERKI UMFÍ

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

### 7. GREIN

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félagsmanni eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

### 8. GREIN

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

## IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

### 9. GREIN

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.
- 1 fulltrúa fyrir 201–1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó að hámarki 7 fulltrúar með beina aðild og 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjó
- Kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ.

Aukaþing er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun sambandsþings.

### 10. GREIN

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

### 11. GREIN

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklingar sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kýs úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

### 12. GREIN

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

## V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

### 13. GREIN

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisíþrótta sé eins góð og kostur er.
- Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

## VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

### 14. GREIN

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

## VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

### 15. GREIN

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukaþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukaþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

## VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

### 16. GREIN

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

### 17. GREIN

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

**SAMÞYKKT Á 51. SAMBANDSÞINGI UMFÍ 2019 Á LAUGARBAKKA.**

# ÁRSREIKNINGUR UMFÍ 2019

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

## ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## ÁBENDINGARMÁLSGREIN

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu 18 þar sem fjallað er um þá óvissu og óvenjulegu aðstæður sem hafa skapast með útbreiðslu kórónuveirunnar (Covid-19) og möguleg áhrif hennar á afkomu og stöðu félagsins.

## ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 12. júní 2020

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsd.

Sigrún Guðmundsdóttir,
endurskoðandi

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tekjur félagsins umfram gjöld á árinu 2019 voru 37 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 517 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er 412 milljón. Eiginfjárhlutfall félagsins 80%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn félagsins fylgist sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar (COVID-19) á afkomu og stöðu Ungmennafélags Íslands. Stjórn vekur athygli á skýringu nr. 18 þar sem fjallað er um atburði eftir reikningsskiladag.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. júní 2020

Í stjórn

Haukur Valtýsson
formaður

Ragnheiður Högnadóttir

Guðmundur G. Sigurbergsson

Jóhann St. Ingimundarson

Gunnar Gunnarsson

Gunnar Þór Gestsson

Sigurður Óskar Jónsson

Gissur Jónsson

Lárus B. Lárusson

Hallbera Eiríksdóttir

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri

Auður Inga Þorsteinsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | |
| Ríkisframlag | *3* | 129.600.000 | 129.600.000 |
| Lottó og Getraunir | *4* | 233.329.740 | 217.380.242 |
| Aðrar tekjur | *5* | 118.900.431 | 135.370.618 |
| | | 481.830.171 | 482.350.860 |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | *6* | 111.063.755 | 118.924.373 |
| Lottó til sambandsaðila | | 182.434.494 | 170.466.391 |
| Annar rekstrarkostnaður | *7* | 153.399.548 | 161.426.229 |
| Veittir styrkir | | 18.822.000 | 17.744.250 |
| Afskriftir | *9* | 4.722.600 | 4.341.550 |
| | | 470.442.397 | 472.902.793 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða | | 11.387.774 | 9.448.067 |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | |
| Fjármagnstekjur | *8* | 2.714.896 | 1.959.307 |
| Fjármagnsgjöld | *8* | (3.845.191) | (4.662.111) |
| | | (1.130.295) | (2.702.804) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 10.257.479 | 6.745.263 |
| **ÖNNUR HEILDARAFKOMA** | | | |
| Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning: | | | |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | *10* | 26.694.554 | 93.125 |
| Heildarafkoma ársins | | 36.952.033 | 6.838.388 |

# YFIRLIT UM REKSTUR 2019

| | Aðalsjóður | Ungmennabúðir | Fræðslu- og verkefnasjóður | Umhverfissjóður | Millideilda-viðskipti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | | | | |
| Ríkisframlag | 111.804.000 | 17.796.000 | | | | 129.600.000 |
| Lottó og getraunir | 217.164.659 | | 16.165.081 | | | 233.329.740 |
| Aðrar tekjur | 52.377.006 | 60.542.925 | 5.530.500 | 1.650.000 | (1.200.000) | 118.900.431 |
| | 381.345.665 | 78.338.925 | 21.695.581 | 1.650.000 | (1.200.000) | 481.830.171 |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 65.921.373 | 45.142.382 | | | | 111.063.755 |
| Lottó til sambandsaðila | 182.434.494 | | | | | 182.434.494 |
| Annar rekstrarkostnaður | 105.217.505 | 48.182.043 | | | | 153.399.548 |
| Veittir styrkir | 2.140.000 | | 16.832.000 | 1.050.000 | (1.200.000) | 18.822.000 |
| Afskriftir | 3.498.000 | 1.224.600 | | | | 4.722.600 |
| | 359.211.372 | 94.549.025 | 16.832.000 | 1.050.000 | (1.200.000) | 470.442.397 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða | 22.134.293 | (16.210.100) | 4.863.581 | 600.000 | 0 | 11.387.774 |
| Fjármagnstekjur | 1.380.957 | 279 | 982.585 | 351.075 | | 2.714.896 |
| Fjármagnsgjöld | (3.841.739) | (3.452) | | | | (3.845.191) |
| | (2.460.782) | (3.173) | 982.585 | 351.075 | 0 | (1.130.295) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 19.673.511 | (16.213.273) | 5.846.166 | 951.075 | 0 | 10.257.479 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **EIGNIR** | | | |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | *9* | | |
| Fasteignir | | 108.000.000 | 110.700.000 |
| Bifreiðar | | 5.224.250 | 7.246.850 |
| | | 113.224.250 | 117.946.850 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutur í Íslenskri getspá | *10* | 301.730.890 | 275.036.336 |
| | | 301.730.890 | 275.036.336 |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | | |
| Óinnheimtar kröfur | *11* | 7.383.337 | 8.739.393 |
| Ógreiddar lottótekjur | | 24.065.534 | 17.614.676 |
| Aðrar skammtímakröfur | *13* | 2.057.921 | 217.644 |
| Handbært fé | *13* | 69.024.279 | 69.122.352 |
| | | 102.531.071 | 95.694.065 |
| Eignir | | 517.486.211 | 488.677.251 |

## EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ** | 14 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 411.675.869 | 374.723.835 |
| | | 411.675.869 | 374.723.835 |
| **LANGTÍMASKULDIR OG SKULDBINDINGAR** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 40.195.959 | 43.359.462 |
| Skuldbinding vegna sérverkefna | 17 | 5.000.000 | 2.996.000 |
| | | 45.195.959 | 46.355.462 |
| **SKAMMTÍMASKULDIR** | | | |
| Óskipt lottófé | | 19.584.390 | 14.072.875 |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 8.714.957 | 9.554.199 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15 | 4.775.758 | 2.812.509 |
| Skuldbinding vegna flutnings ungmennabúða | 17 | 0 | 10.500.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 27.539.278 | 30.658.371 |
| | | 60.614.383 | 67.597.954 |
| Skuldir | | 105.810.342 | 113.953.416 |
| Eigið fé og skuldir | | 517.486.211 | 488.677.251 |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARHREYFINGAR** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 10.257.479 | 6.745.263 |
| | | | |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | *9* | 4.722.600 | 4.341.550 |
| Breyting á skuldbindingu vegna sérverkefna | *17* | (2.004.000) | 2.000.000 |
| Matsbreyting verðbréfaeignar | *12* | (223.498) | (31.525) |
| Verðbætur langtímalána | *8* | 777.054 | 1.682.840 |
| | | 13.529.635 | 14.738.128 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (6.935.079) | 719.631 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | (3.942.820) | 8.365.324 |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.651.736 | 23.823.083 |
| | | | |
| **FJÁRFESTINGAHREYFINGAR** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | *9* | 0 | (3.990.000) |
| Seldir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | *9* | 0 | 2.143.850 |
| Afborganir fjárfestingaverðbréfa | *12* | 223.498 | 31.525 |
| | | 223.498 | (1.814.625) |
| | | | |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (3.690.422) | (4.873.849) |
| Nýtt lán tekið | | 47.000.000 | 0 |
| Langtímalán uppgert | | (46.282.885) | 0 |
| Ráðstafað til sérverkefna | | 0 | (2.000.000) |
| | | (2.973.307) | (6.873.849) |
| | | | |
| Breyting handbærs fjár | | (98.073) | 15.134.609 |
| | | | |
| Handbært fé í upphafi árs | *13* | 69.122.352 | 53.987.743 |
| Handbært fé í lok árs | *13* | 69.024.279 | 69.122.352 |

# SKÝRINGAR

## 1. STARFSEMI

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er “Ræktun lýðs og lands” og kjörorðið er “Íslandi allt”. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 félög með beina aðild. Alls eru um 460 félög innan UMFÍ með rúmlega 300 þúsund félagsmenn.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. UMFÍ stendur ennfremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðildarfélög sín.

## 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### SKRÁNING TEKNA

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

### VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu (e. Available-for-sale) til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur (lottótekjur) frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

### VIÐSKIPTAKRÖFUR

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. RÍKISFRAMLAG

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Ríkisframlag - UMFÍ | 103.800.000 | 102.900.000 |
| Ríkisframlag - ULM | 8.004.000 | 8.900.000 |
| Ríkisframlag - Ungmennabúðir | 17.796.000 | 17.800.000 |
| | 129.600.000 | 129.600.000 |

## 4. LOTTÓ OG GETRAUNIR

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Lottótekjur - UMFÍ | 214.764.659 | 200.675.625 |
| Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður | 16.165.081 | 15.104.617 |
| Getraunir 1X2 | 2.400.000 | 1.600.000 |
| | 233.329.740 | 217.380.242 |

## 5. AÐRAR TEKJUR

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Rekstrarframlög | 13.330.682 | 21.388.803 |
| Kostunaraðilar | 11.505.000 | 20.912.000 |
| Sölutekjur | 9.680.573 | 6.647.994 |
| Leigutekjur | 8.193.230 | 12.219.209 |
| Þátttökugjöld | 65.125.018 | 67.602.068 |
| Ýmsar tekjur | 11.065.928 | 6.513.140 |
| Söluhagnaður | 0 | 87.404 |
| | 118.900.431 | 135.370.618 |

## 6. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 85.530.581 | 93.079.682 |
| Áunnið orlof, breyting | 2.734.186 | 275.003 |
| Tryggingagjald | 6.817.751 | 7.642.806 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 10.890.400 | 11.794.187 |
| Sjóðagjöld - mótframlag | 1.410.499 | 1.644.312 |
| Annar starfsmannakostnaður | 3.680.338 | 4.488.383 |
| | 111.063.755 | 118.924.373 |
| | | |
| Stöðugildi að meðaltali | 12,5 | 15 |

## 7. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Húsnæðiskostnaður | 28.087.707 | 22.060.094 |
| Rekstur áhalda og tækja | 1.327.738 | 7.372.436 |
| Ferðakostnaður og rekstur bifreiða | 14.577.139 | 12.731.430 |
| Skrifstofukostnaður | 4.504.058 | 5.781.239 |
| Stjórnun og umsýsla | 22.300.070 | 18.553.329 |
| Verkefni, kynning og útbreiðsla | 15.467.455 | 15.421.820 |
| Útgáfa | 7.608.952 | 5.476.510 |
| Erlend samskipti | 8.233.680 | 770.946 |
| Mótahald | 29.761.593 | 52.757.706 |
| Rekstur ungmennabúða | 19.531.156 | 13.000.719 |
| Skuldbinding v. flutnings ungmennabúða 2019 | 2.000.000 | 7.500.000 |
| | 153.399.548 | 161.426.229 |

## 8. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur | 2.471.277 | 1.862.717 |
| Endurheimtur verðbréfasafns | 223.498 | 31.525 |
| Gengishagnaður | 20.121 | 65.065 |
| | 2.714.896 | 1.959.307 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Greiddir vextir og verðbætur | 3.068.137 | 2.979.273 |
| Áfallnar verðbætur | 777.054 | 1.682.838 |
| | 3.845.191 | 4.662.111 |

## 9. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

| | Fasteignir og lóðir | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 135.000.000 | 10.113.000 | 145.113.000 |
| Staða í árslok | 135.000.000 | 10.113.000 | 145.113.000 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 24.300.000 | 2.866.150 | 27.166.150 |
| Afskrift ársins | 2.700.000 | 2.022.600 | 4.722.600 |
| Staða í árslok | 27.000.000 | 4.888.750 | 31.888.750 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 110.700.000 | 7.246.850 | 117.946.850 |
| Bókfært verð í árslok | 108.000.000 | 5.224.250 | 113.224.250 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 20% | |

Vátryggingaverðmæti lausafjármuna, annarra en bifreiða, nam í árslok 27,4 milljónum króna.

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 110,7 milljón króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 45 milljónum króna.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir - Reykjavík | 134.950.000 | 251.300.000 |
| Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi | 2.886.000 | 2.350.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 27.493.659 |

## 10. EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

| | Hlutdeild | Stofnfé |
|---|---|---|
| Íslensk getspá sf. | 13,33% | 440.864 |

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 275.036.336 | 274.943.211 |
| Hlutdeild í afkomu | 257.624.294 | 215.873.367 |
| Lottótekjur | (230.929.740) | (199.784.242) |
| Viðbótarúthlutun Íslenskrar getspár sf. | 0 | (15.996.000) |
| Staða í árslok | 301.730.890 | 275.036.336 |
| | | |
| Hækkun á milli ára | 26.694.554 | 93.125 |

## 11. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 10.612.487 | 15.037.720 |
| Niðurfærsla krafna | (3.229.150) | (6.298.327) |
| | 7.383.337 | 8.739.393 |

Niðurfærslureikningur viðskiptakrafna greinist þannig á árinu:

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs | 6.298.327 | 1.868.746 |
| Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur | (279.374) | (306.900) |
| Framlag á niðurfærslureikning viðskiptakrafna | (2.789.803) | 4.736.481 |
| | 3.229.150 | 6.298.327 |

## 12. VERÐBRÉFAEIGN

Félagið á verðbréf og eignarhluti í félögum sem stofnuð voru til að verja hagsmuni þess vegna verðbréfaviðskipta. Verðbréf þessi eru að fullu afskrifuð en komið hefur í ljós að nokkrar endurheimtur hafa átt sér stað á þeim. Endurheimturnar eru því tekjufærðar þegar þær berast til félagsins.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 0 | 0 |
| Endurheimt vegna niðurfærðra verðbréfa á árinu | (223.498) | (31.525) |
| Matsbreyting verðbréfaeignar | 223.498 | 31.525 |
| Staða í árslok | 0 | 0 |

## 13. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR OG PENINGALEGAR EIGNIR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Aðrar skammtímakröfur** | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 793.490 | 156.690 |
| Fyrirfram greidd laun | 1.264.431 | 0 |
| Aðrar kröfur | 0 | 60.954 |
| | 2.057.921 | 217.644 |
| **Handbært fé** | | |
| Bankainnistæður aðalsjóður | 15.906.142 | 17.699.467 |
| Bankainnistæður Fræðslu- og verkefnasjóður | 38.718.626 | 37.399.449 |
| Bankainnistæður Umhverfissjóður | 14.399.511 | 14.023.436 |
| | 69.024.279 | 69.122.352 |

## 14. EIGIÐ FÉ

| | Eignarhluti í Ísl. getspá | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Yfirlit yfir eigið fé 2018** | | | |
| Eigið fé í upphafi árs | 274.943.211 | 92.942.236 | 367.885.447 |
| Rekstrarniðurstaða | | 6.745.263 | 6.745.263 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | 93.125 | | 93.125 |
| Eigið fé í lok árs | 275.036.336 | 99.687.499 | 374.723.835 |
| **Yfirlit yfir eigið fé 2019** | | | |
| Eigið fé í upphafi árs | 275.036.336 | 99.687.499 | 374.723.835 |
| Rekstrarniðurstaða | | 10.257.479 | 10.257.479 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | 26.694.554 | | 26.694.554 |
| Eigið fé í lok árs | 301.730.890 | 109.944.978 | 411.675.869 |

## 15. LANGTÍMASKULDIR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir** | | |
| Skuldir í ISK - verðtryggðar | 44.971.717 | 46.171.971 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (4.775.758) | (2.812.509) |
| Langtímaskuldir í árslok | 40.195.959 | 43.359.462 |

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | |
| Næsta árs afborganir | 4.775.758 |
| Afborganir 2021 | 4.775.758 |
| Afborganir 2022 | 4.775.758 |
| Afborganir 2023 | 4.775.758 |
| Afborganir 2024 | 4.775.758 |
| Afborganir síðar | 21.092.927 |
| | 44.971.717 |

## 16. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir | 8.714.957 | 9.554.199 |
| | 8.714.957 | 9.554.199 |
| | | |
| **Aðrar skammtímaskuldir** | | |
| Virðisaukaskattur | 192.861 | 224.981 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 12.527.973 | 10.447.380 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 121.798 | 127.126 |
| Ógreiddir styrkir | 12.130.500 | 13.380.500 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 2.108.496 | 3.329.523 |
| Aðrar skuldir | 457.650 | 3.148.861 |
| | 27.539.278 | 30.658.371 |
| | | |
| **Næsta árs afborganir langtímaskulda** | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 4.775.758 | 2.812.509 |
| | 4.775.758 | 2.812.509 |

## 17. SKULDBINDING VEGNA SÉRVERKEFNA

Í tilefni af 30 ára afmæli Íslenskrar getspár og vegna góðrar afkomu á árinu 2015 ákvað stjórn félagsins að úthluta aukagreiðslu umfram áður ákvarðaðar arðgreiðslur frá félaginu. Hlutdeild Ungmennafélags Íslands í aukagreiðslunni nam kr. 15.996.000 og var færð til tekna undir liðnum Aðrar tekjur. Stjórn Ungmennafélags Íslands ályktaði um ráðstöfun þessara fjármuna og fært til bókar skuldbindingu vegna verkefna sem fyrirhugað var að nýta fjármunina í. Á árinu 2017 var 8 milljónum af aukagreiðslu ársins 2016 ráðstafað í sérverkefni og 2 milljónum á árinu 2018, sem kom til lækkunar á skuldbindingunni. Eftirstöðvar skuldbindingarinnar í árslok 2018 voru 2.996.000 krónur.

Undanfarin ár hefur UMFÍ staðið fyrir kynnisferðum á tveggja ára fresti fyrir sambandsaðila. Til að gera smærri sambandsaðilum færi að komast í ferðirnar hefur UMFÍ tekið þátt í kostnaði við ferðirnar. Fyrirhugað er að stjórn og hluti sambandsaðila fari í kynnisferð til Noregs haustið 2020 til að kynna sér uppbyggingu íþróttahéraða þar. Framkvæmdastjórn samþykkti því á fundi þann 8. júní 2020 að gjaldfæra á árinu 2019, 3 milljónir króna vegna ferðar til Noregs og vegna undirbúnings ferðar sem áætluð er að verði árið 2021.

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ fluttu á árinu 2019 frá Laugum í Sælingsdal til Laugarvatns. Stjórn ákvað því á árinu 2018 að ráðstafa 6 milljónum króna af hagnaði Lauga og 1,5 milljón króna af hagnaði Aðalsjóðs árið 2018 til að standa straum af flutningskostnaði ungmennabúðanna. Í rekstrarreikningi 2018 höfðu því verið gjaldfærðar samtals 7,5 milljón króna og færð á móti skuldbinding að sömu fjárhæð meðal skulda. Kostnaður við flutning Ungmennabúða UMFÍ frá Laugum í Dalasýslu á Laugarvatn og rekstur á nýjum stað var meiri en gert ráð fyrir. Framkvæmdum var því hraðað og flýtt kaupum búnaðar á árinu 2020 frá því sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Framkvæmdastjórn UMFÍ samþykkti því á fundi 8. júní 2020 að gjaldfært verði á árinu 2019, 2 milljónir króna vegna framkvæmda við Ungmennabúðir á Laugarvatni.

## 18. ATBURÐIR EFTIR REIKNINGSSKILADAG

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur skapað mikla óvissu fyrir fyrirtæki og ljóst að hann hefur haft margvíslegar afleiðingar í för með sér. Þetta fordæmalausa ástand er nýr veruleiki sem kallar á ýmis viðbrögð fyrirtækja og félagasamtaka. Stjórn UMFÍ fylgist sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar á afkomu og stöðu UMFÍ og hefur gripið til aðgerða. Ljóst er að afleiðingarnar hafa mikil áhrif á rekstur Ungmennabúða UMFÍ og mótahald á árinu 2020. Það er mat stjórnar að ekki leiki neinn vafi á rekstrarhæfi félagsins við samþykkt ársreikningsins þar sem lausafjárstaða er góð og hafa áætlanir verið aðlagaðar að breyttri sviðsmynd.

## 19. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Þrastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf á árinu 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

## 20. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

### REKSTRARREIKNINGUR

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Tekjur** | | |
| Lottótekjur | 16.165.081 | 15.104.617 |
| Ósóttirbakfærðirstyrkir | 5.530.500 | 2.660.840 |
| | 21.695.581 | 17.765.457 |
| **Gjöld** | | |
| Veittir styrkir | 16.832.000 | 16.214.250 |
| | 16.832.000 | 16.214.250 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða | 4.863.581 | 1.551.207 |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld)** | | |
| Vaxtatekjur | 982.585 | 1.003.372 |
| | 982.585 | 1.003.372 |
| Rekstrarniðurstaða | 5.846.166 | 2.554.579 |

### EFNAHAGSREIKNINGUR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Krafa á eigin sjóði | 5.141.699 | 389.710 |
| Handbært fé | 38.718.626 | 37.399.449 |
| | 43.860.325 | 37.789.159 |

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Eigið fé 01.01 | 25.458.659 | 22.904.080 |
| Afkoma ársins | 5.846.166 | 2.554.579 |
| | 31.304.825 | 25.458.659 |
| **Skuldir** | | |
| Ógreiddir styrkir | 12.555.500 | 12.330.500 |
| | 12.555.500 | 12.330.500 |
| | 43.860.325 | 37.789.159 |

## 21. UMHVERFISSJÓÐUR

### REKSTRARREIKNINGUR

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Tekjur** | | |
| Önnur framlög | 600.000 | 300.000 |
| Ósóttir bakfærðir styrkir | 1.050.000 | 0 |
| | 1.650.000 | 300.000 |
| **Gjöld** | | |
| Veittir styrkir | 1.050.000 | 300.000 |
| | 1.050.000 | 300.000 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða | 600.000 | 0 |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld)** | | |
| Vaxtatekjur | 351.075 | 367.790 |
| | 351.075 | 367.790 |
| Rekstrarniðurstaða | 951.075 | 367.790 |

### EFNAHAGSREIKNINGUR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Krafa á eigin sjóði | 600.000 | 300.000 |
| Handbært fé | 14.399.511 | 14.023.436 |
| | 14.999.511 | 14.323.436 |

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Eigið fé 01.01 | 13.273.436 | 12.905.646 |
| Afkoma ársins | 951.075 | 367.790 |
| | 14.224.511 | 13.273.436 |
| **Skuldir** | | |
| Ógreiddir styrkir | 775.000 | 1.050.000 |
| | 775.000 | 1.050.000 |
| | 14.999.511 | 14.323.436 |

## 22. MÓTAHALD

### TEKJUR

| | ULM | LM 50+ | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Mótshaldari** | | | |
| Kostnaðaraðilar | 5.355.000 | 1.550.000 | 6.905.000 |
| Sölutekjur af Skinfaxa | 1.000.000 | 1.000.000 | 2.000.000 |
| Þáttökugjöld | 7.146.535 | 720.300 | 7.866.835 |
| Úthlutun UMFÍ | 1.000.000 | 1.000.000 | 2.000.000 |
| Samtals | 14.501.535 | 4.270.300 | 18.771.835 |
| | | | |
| **UMFÍ** | | | |
| Ríkisfrumlag sem úthlutað er til móts | 8.004.000 | 0 | 8.004.000 |
| Skemmtikvöld | 0 | 1.140.800 | 1.140.800 |
| Samtals | 8.004.000 | 1.140.800 | 9.144.800 |
| | | | |
| Tekjur samtals | 22.505.535 | 5.411.100 | 27.916.635 |

### KOSTNAÐUR

| | ULM | LM 50+ | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Mótshaldari** | | | |
| Kynningarmál | 157.643 | 111.980 | 269.623 |
| Dagskráratriði, veitingar og annar kostnaður | 7.037.979 | 962.885 | 8.000.864 |
| Aðstöðumál | 2.850.000 | 0 | 2.850.000 |
| Samtals | 10.045.622 | 1.074.865 | 11.120.487 |
| | | | |
| **UMFÍ** | | | |
| Launakostnaður | 6.980.213 | 3.585.326 | 10.565.539 |
| Kynningarmál | 3.168.305 | 1.262.947 | 4.431.252 |
| Annar kostnaður | 1.311.395 | 2.032.310 | 3.343.705 |
| Veittir styrkir | 1.000.000 | 1.000.000 | 2.000.000 |
| Samtals | 12.459.913 | 7.880.583 | 20.340.496 |
| | | | |
| Kostnaður samtals | 22.505.535 | 8.955.448 | 31.460.983 |

### AFKOMA MÓTS

| | ULM | LM 50+ | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Hlutdeild** | | | |
| Hutdeild mótshaldara | 4.455.913 | 3.195.435 | 7.651.348 |
| Hlutdeild UMFÍ | (4.455.913) | (6.739.783) | (11.195.696) |
| | | | |
| Afkoma móts | 0 | (3.544.348) | (3.544.348) |

**Ársskýrsla Ungmennafélags Íslands 2020**

Ungmennafélag Íslands
Sigtún 42, 105 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Ritstjóri: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

Yfirlestur: Helgi Magnússon og Ragnheiður Sigurðardóttir

Ljósmyndir: Gunnar Gunnarsson, Hafsteinn Snær Þorsteinsson,
Ívar Sæland, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Þorgeir Kristjánsson o.fl.

Hönnun og umbrot: Jónas Þorbergsson

Prentun: Pixel

Október 2020

umfi.is




UMFÍ